



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík

Þjónusta við fatlaða í Reykjavík

Skýrsla SSR um þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr.
59/1992

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	4
2 Fatlaðir í Reykjavík	5
2.1 Aldur	5
2.2 Fötlunarflokkar	6
2.3 Þjónustupungi	7
2.4 Skipting fatlaðra eftir þjónustuhverfum	8
2.5 Þjónustustaða fatlaðra	10
2.6 Umsóknir um þjónustu	11
2.7 Fatlaðir með og án þjónustu - samantekt	12
3 Stjórnun og skipulag þjónustu	14
3.1 Markmið og hlutverk SSR	14
3.2 Stjórnhættir SSR og skipulag	15
4 Umfang og eðli þjónustu	18
4.1 Búseta	18
4.1.1 Félagslegar íbúðir (frekari liðveisla)	18
4.1.2 Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu (þjónustukjarnar)	19
4.1.3 Áfangastaðir og sambýli	19
4.1.4 Vistheimili.	21
4.1.5 Heimili fyrir börn.	21
4.2 Dagþjónusta – vernduð vinna	21
4.3 Skammtí mavistun	22
4.4 Stuðningsfjölskyldur	22
4.5 Umönnunargreiðslur	23
4.6 Styrkir til náms og verkfærakaupa	23
4.7 Ráðgjöf	23
5 Starfsstöðvar eftir þjónustuhverfum	24
5.1 Vesturbær – Vesturgarður	24
5.1.1 Búsetuþjónusta	24
5.2 Miðbær og Hlíðar	25
5.2.1 Búsetuþjónusta	25
5.2.2 Dagþjónusta og atvinnustarfsemi:	28
5.3 Laugardalur og Háleiti	29
5.3.1 Búsetuþjónusta	29
5.3.2 Skammtí mavistanir	34
5.3.3 Dagþjónusta – vernduð vinna	35
5.4 Breiðholt	37
5.4.1 Búseta	38
5.4.2 Skammtí mavistun	40
5.4.3 Dagþjónusta	40
5.5 Grafarvogur – Miðgarður	41
5.5.1 Búseta	41
5.5.2 Dagþjónusta	44
5.6 Árbær – Grafarholt	44
5.6.1 Búseta	45
5.6.2 Heimili fyrir börn	46
5.7 Óstaðsett	47
5.7.1 Samningar um framkvæmd frekari liðveislu.	47
5.7.2 Stuðningsfjölskyldusamningar	47

6 Starfsmannamál.....	49
6.1 Markmið og verkefni	49
6.2 Stéttarfélagsaðild starfsmanna SSR	49
6.3 Árangursmælikvarðar.....	50
7 Fjármál og rekstur	51
7.1 Fjárhagsrammi og rekstur	51
7.2 Árangursmælikvarðar.....	53
7.3 Heimilissjóðir og einkafjármál	54

1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er sett fram yfirlit yfir starfsemi Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík (SSR) og þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Markmiðið með skýslunni er að gefa mynd af umfangi og eðli sértækrar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík, þ.e. þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Jafnframt er reynt að gefa mynd af skipulagi og stjórnun starfseminnar eins og hún er í dag. Skýrslan er gerð vegna væntanlegrar yfirfærslu málaflokks fatlaðra til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Það er von skýrsluhöfunda að hún auðveldi vinnu þeirra aðila sem standa að yfirfærslunni.

Í 2. kafla kemur fram yfirlit yfir fatlað fólk í Reykjavík. Yfirlitið nær til einstaklinga sem voru á skrá SSR 15. mars 2010. Fjöldi einstaklinga var þá 1513. Gerð er grein fyrir skiptingu fatlaðra miðað við aldur, fötlun. Þjónustupunga og búsetu eftir þjónustuhverfum í Reykjavík. Þá er fjallað um fjölda og stöðu umsókna um þjónustu.

Í 3. kafla er farið yfir stjórnun, skipulag og hlutverk SSR. Starfsemin fylgir lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og reglugerð um svæðisskrifstofur nr. 273/1993. Á síðustu árum hefur skipulag og innra starf SSR þróast verulega hvað varðar ráðningu starfsmanna og starfsmannahald, öflun og miðlun upplýsinga um rekstrarstöðu einstakra rekstrareininga, og gerð rekstraráætlana. Þá hefur verklag við meðferð umsókna um þjónustu svo og málastjórnun almennt verið í mikilli þróun. Einnig hefur SSR unnið að því að draga fram ákveðna árangursmælikvarða er endurspeglar starfsemina bæði hvað varðar einstaka þætti í þjónustu, starfsmannahaldi og rekstri. Mælikvarðarnir eru uppfærðir mánaðarlega og birtir á heimasíðu SSR.

Í 4. kafla er fjallað um umfang og eðli þjónustunnar. Lýst er þjónustu sem fötluðum stendur til boða og hvernig framkvæmd þjónustu er háttað í Reykjavík. Þjónustan snýr að búsetu, dagþjónustu og verndaðri vinnu, skammtí mavistun, og stuðningsfjölskyldum fyrir börn. Fram koma upplýsingar um þjónustuþætti og einstakar starfsstöðvar, rekstraraðila, og fjölda einstaklinga í þjónustu.

Í 5. kafla er þjónustan flokkuð eftir þjónustuhverfum þjónustumiðstöðva í Reykjavík. Stutt lýsing fylgir hverri starfsstöð eða starfsþætti þar sem fram kemur eðli þjónustu, samsetning þjónustunotenda, umfang þjónustunnar, starfsmannafjöldi og rekstrarupplýsingar.

6. kafla fjallar um starfsmannamál. Þar koma fram tölur um fjölda og stéttarfélagsaðild starfsmanna. Gerð er grein fyrir árangursmælikvörðum í starfsmannamálum.

Í 7. kafla koma fram yfirlitstölur um rekstur SSR í ár og síðastliðin ár. Þar er einnig gerð grein fyrir árangursmælikvörðum er tengjast rekstrarafkomu og uppfærðir eru mánaðarlega. Að lokum er greint frá fyrirkomulagi heimilissjóða sambýla og aðstoð varðandi einkafjármál íbúa. Tölulegt yfirlit yfir þjónustu við fatlaða í Reykjavík er birt í fimm fylgiskjöllum við skýrsluna.

2 FATLAÐIR Í REYKJAVÍK


Í þessum kafla kemur fram yfirlit og greining á fötluðu fólki sem var á skrá SSR 15. mars 2010. Hafa ber í huga að orðið fatlaður er hér notað í mjög þröngri merkingu og nær aðeins til þeirra sem eiga rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og eru af þeirri ástæðu á skrá SSR.

Í 2. grein laga um málefni fatlaðra segir: "Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum."

Heildarfjöldi fatlaðra á skrá SSR 15. mars 2010 var 1512 (allir fatlaðir á skrá utan a) þeir sem eru með lögheimili utan Reykjavíkur ; b) þeir sem eru ekki með fötlunargreiningu).

2.1 ALDUR

Mynd 2.1 sýnir hlutfallslega skiptingu fatlaðra í Reykjavík eftir aldri í samanburði við alla Reykvíkinga:




Mynd 2-1 Aldurshópar

Fram kemur að hlutfallslega fleiri börn og unglingar eru á skrá SSR en aldursdreifing Reykvíkinga gefur tilefni til að ætla. Á hinn bóginn eru mun færri í aldursflokknum yfir 56 ár á skrá SSR en búast mætti við miðað við aldursdreifingu allra Reykvíkinga. Að stærstum hluta skýrist þetta af skertum lífslíkum þess undirhóps fatlaðra sem hér er fjallað um.

2.2 FÖTLUNARFLOKKAR

Hjá SSR er fötlunum skipt í 8 flokka: 1) þroskahömlun, 2) þroskahömlun og atferlistruflun, 3) geðfötlun, 4) fjölfötlun, 5) hreyfihömlun, 6) skynfötlun, 7) einhverfu og 8) aðra fötlun (sjá mynd 2-2).



Mynd 2-2 Skipting eftir fötlun

Þar sem flokkunarkerfið gerir ráð fyrir aðeins einni fötlun eru einstaklingar flokkaðir eftir þeirri fötlun sem er mest íþyngjandi þar sem um fleiri en eina fötlun er að ræða. Flestir einstaklingar sem eru með fjölfötlun og einhverfu eru t.d. jafnframt þroskahamlaðir. Þar sem bæði fjölfötlun og einhverfa eru taldar meira íþyngjandi fatlanir en þroskahömlun eru viðkomandi flokkaðri sem slíkir. Til geðfötlunar teljast aðeins þeir sem eru með varanlega fötlun vegna alvarlegs undirliggjandi geðsjúkdóms (oftast geðklofa). Til „annarrar fötlunar“ teljast t.d. einstaklingar sem eru fatlaðir vegna slysa eða langvarandi veikinda.

Þroskahömlun og einhverfa eru stærstu fötlunarflokkarnir og telja hlutfallslega 30% og 27% fatlaðra. Þriðji stærsti fötlunarflokkurinn er síðan geðfötlun sem telur 16% en aðrir fötlunarflokkar eru fámennari.


Þar sem flestir þeirra sem eru einhverfir svo og þeir sem eru fjölfatlaðir eru einnig þroskahamlaðir má reikna með að yfir 900 einstaklingar eða um 60% séu með þroskahömlun. Þegar einnig er tekið tillit til þeirra sem eru með geðfötlun (248) kemur fram að yfir 75% fatlaðra í Reykjavík eru með andlega fötlun.

Nokkur breyting hefur orðið á dreifingu fötlunar eftir fötlunarflokkum á síðustu árum þar sem hlutfallslegur fjöldi einstaklinga með einhverfugreiningu hefur aukist. Þannig var hlutfall ein-

hverfra á skrá SSR árið 2002 aðeins 9% miðað við 27% fatlaðra í dag. Á sama tíma var hlutfall þroskahamlaðra hins vegar svipað og í dag eða 31%.

2.3 ÞJÓNUSTUÞUNGI

Flestir einstaklingar eru flokkaðir með tilliti til umfangs þeirrar þjónustu sem þeir þarfnast. Börn fá umönnunarmat samkvæmt 5 flokka kerfi þar sem 1. flokkur svarar til mestrar umönnunarþarfar. Fullorðnir eru flokkaðir eftir 7 flokka kerfi sem tekur mið af þjónustupörf í búsetu. Í því kerfi svarar flokkur 7 til mestrar þjónustuþarfar en flokkur 1 til minnstrar þjónustuþarfar.




Mynd 2-3 Skipting fatlaðra barna eftir umönnunarflokki

Svæðisskrifstofur hafa því lögbundna hlutverki að gegna að gera tillögur til Tryggingastofnunar um umönnunarflokk fatlaðra barna. Börn sem flokkast í umönnunarflokk 1-3 eiga rétt á sértækri þjónustu samkvæmt lögum.

Mynd 2-4 sýnir skiptingu fullorðinna eftir þjónustumati. Hluti þeirra sem leita eftir þjónustu til SSR þarfnast ekki aðstoðar í búsetu og er því ekki flokkaður eftir þjónustupörf.


Almennt geta þeir sem flokkast í flokk 1 og flokk 2 nýtt sér almenna þjónustu sem fötluðum stendur til boða hjá Reykjavíkurborg (félagsleg liðveisla og heimaþjónusta) og þarfnast ekki sér-
tækrar þjónustu í búsetu. Flestir í flokki 3-4 geta nýtt sér þá viðbótarþjónustu sem felst í frekari liðveislu og þarfnast að öllu jöfnu ekki næturvaktar. Fólk í fötlunarflokkum 5,6 og 7 þarfnast að jafnaði búsetu þar sem þjónusta stendur til boða allan sólarhringinn.




Mynd 2-4 Skipting fullorðinna eftir þjónustumati

2.4 SKIPTING FATLAÐRA EFTIR ÞJÓNUSTUHVRFUM

Á mynd 2-5 kemur fram skipting fatlaðra samkvæmt lögheimili og eftir þjónustuhverfum í Reykjavík. Fram kemur að hlutfallslega fæstir fatlaðir eru á þjónustusvæði Vesturgarðs eða um helmingi færri en búast mætti við miðað við jafna dreifingu. Í þjónustuhverfum Háaleitis og Laugardals og Breiðholts búa hins vegar hlutfallslega nokkuð fleiri fatlaðir einstaklingar en ófatlaðir miðað við sömu forsendur. Í öðrum hverfum er dreifing fatlaðra áþekkt dreifingu ófatlaðra. Frávik í fjölda fatlaðra í þjónustuhverfi Vesturgarðs er svo mikið að full ástæða er til þess að kanna frekar ástæður þess. Ein skýring er sú að tiltölulega lítið er um búsetuþjónustu fyrir fatlaða á svæði Vesturgarðs (3 starfsstöðvar) og þar af leiðandi tiltölulega fáir sem eiga lögheimili í hverfinu vegna staðsetningar búsetuúrræða.



Mynd 2-6 Skipting fatlaðra eftir þjónustuhverfum




Mynd 2-5 Aldurskipting fatlaðra eftir hverfum

Þegar litið er á aldurskiptingu fatlaðra (sjá mynd 2-6), kemur fram að þjónustuhverfi Miðborgar og Hlíða og Háaleitis og Laugardals skera sig úr hvað varðar hlutfall fatlaðra barna og fullorðinna. Hlutfallslega eru fleiri fullorðnir og færri börn sem búa í þessum hverfum en hinum fjórum þjónustuhverfum borgarinnar. Þetta gæti endurspeglad mismunandi aldursamsetningu íbúa í hverfum Reykjavíkur.

Þegar litið er á skiptingu fatlaðra eftir fötlunartegundum kemur fram að í þeim hverfum þar sem hlutfallslega flestir ungir fatlaðir búa þar er einhverfa hlutfallslega mun algengari en í hinum


Hlutfallsleg skipting fötlunar í Reykjavík eftir þjónustuhverfum 2010



Mynd 2-7 Hlutfallsleg skipting fötlunar eftir þjónustuhverfum

tveimur hverfunum; Miðborg og Hlíðum og Laugardal og Háaleiti, þar sem hlutfallslega fáir ungir búa með fötlunargreiningu. Á sama hátt eru hlutfallslega mun fleiri með greininguna geðfötlun í þessum tveimur hverfum, en geðfötlun er greining sem kemur fyrst fram á fullorðinsárum.

2.5 ÞJÓNUSTUSTAÐA FATLAÐRA



Mynd 2-8 Skipting eftir hverfum og þjónustustöðu

Stór hluti fatlaðra á skrá SSR, eða um 70%, er með sértæka þjónustu sem veitt er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þjónusta sem hér um ræðir er 1) búsetuþjónusta, - annars vegar búseta á sambýlum, áfangastöðum eða þjónustukjörnum og hins vegar stoðþjónusta fyrir fólk í almennri búsetu í formi frekari liðveislu; 2) dagþjónusta og hæfing; 3) vernduð vinna; 4) skammtí mavistun og 5) stuðningsfjölskylduþjónusta.

Þegar litið er á skiptingu fatlaðra milli hverfa með tilliti til þess hvort þeir eru í þjónustu eða án þjónustu (sjá mynd 2-8) kemur fram að hlutfallslega fæstir fatlaðir í Breiðholti eru með þjónustu eða rétt rúmlega helmingur. Hlutfall fatlaðra með þjónustu er nokkuð áþekkt í öðrum hverfum eða á milli 75 og 80%.

2.6 UMSÓKNIR UM ÞJÓNUSTU

SSR tekur á móti umsóknum um þjónustu í búsetu, í dagþjónustu, í atvinnu með stuðningi, í skammtí mavistun og um stuðningsfjölskyldur. Sjá yfirlit í töflu 2-1.

Staða umsókna	
Búseta	50
- bráðaumsóknir	7
- nettó umsóknir	7
- opnar umsóknir	36
Stuðningsfjölskyldur	18
Skammtí mavistun	54
Atvinna með stuðningi	0
Dagþjónusta	4

Tafla 2-1 Yfirlit yfir stöðu umsókna

Í eftirfarandi umfjöllun um búsetu eru umsóknir fyrir geðfatlaða undanskildar en búsetuþjónusta fyrir þennan hóp er sérstök. Framkvæmd hennar færðist alfarið yfir til Reykjavíkurborgar 1. maí 2010 samkvæmt sérstökum þjónustusamningi.

Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Reykjavík eru fjölbreytt og taka mið af sérstökum þörfum íbúa sem oft krefjast sérstakra aðstæðna og vinnubragða. Auk þess að taka mið af aðstæðum og innri starfsháttum leitast SSR við að búa fötluðum búsetu þar sem jafnræði er meðal sambýlisfólks bæði hvað varðar félags- og vitsmunalega færni.

Umsóknum um búsetu er skipt í þrjá flokka, opnar umsóknir, nettó umsóknir og bráðaumsóknir, til samræmis við flokkun Stjórnháttanna í skýrslu sinni vegna undirbúnings tilfærslu málaflokks fatlaðra til sveitarfélaga. Með opnum umsóknum er átt við umsóknir fatlaðra óháð því hvort umsækjandi þarfnist þjónustu strax og hvort viðkomandi sé í annarri búsetuþjónustu. Með nettó-umsóknum er átt við umsóknir fatlaðs fólks sem óskar búsetu innan árs og er ekki í annarri búsetuþjónustu. Bráðaumsóknir eiga við umsækjendur sem þarfnast strax búsetuþjónustu, búa við óviðunandi aðstæður og hafa þurft að bíða eftir úrlausn lengur en ásættanlegt er (hjá SSR er þetta viðmið 1 ár).


Ein og fram kemur í yfirlitinu eru 7 einstaklingar með stöðu bráðaumsókna og 7 með stöðu opinna umsókna. Ástæða langrar biðar liggur oftast í því að umsækjandi er að sækja um mjög sérhæfð úrræði þar sem endurnýjun er lítil. Almennt hefur tekist að leysa úr bráðatilfellum innan viðunandi tímamarka. Í heild er búsetukerfið í nokkru jafnvægi sem stendur en ef engin ný úrræði verða til á næstu árum má búast við því að umsóknir safnist upp.

Umtalsverður árangur hefur náðst við að koma til móts við óskir um dagþjónustu eftir að fjölgun varð í þjónustu í Gylfaflöt fyrr á þessu ári. Ekki hefur tekist að koma til móts við 4 umsóknir. Nokkuð er hins vegar um að fólk sem er í dagþjónustu óska breyttrar vinnu. Þá má búast við auknum fjölda umsókna á næsta ári í tengslum við nýliðun. Unnið hefur verið að því að aðstoða fólk í verndaðri vinnu og á dagþjónustustöðum við að starfa á almennum vinnumarkaði með milligöngu Atvinnu með stuðningi (AMS). Atvinnuástandið undanfarið hefur hins vegar verið óhagstætt.

Skammtí mavistanir eru mikilvæg úrræði fyrir margar fjölskyldur með fötluð börn. Þjónusta í skammtí mavistun gerir fjölskyldunum kleift að hafa fötluð börn sín lengur í heimahúsum og auka þannig gæði fjölskyldulífs fatlaðra. Á síðustu árum hefur heldur verið aukið við úrræði í skammtí mavistun. Auk hefðbundinna úrræða hefur SSR gert tilraunir með helgarskammtímaþjónustu með góðum árangri. Ljóst er að auka þarf enn frekar þennan þátt þjónustunnar. Almennt hefur gengið vel að finna stuðningsfjölskyldur og er nokkuð gott jafnvægi milli umsókna og úrlausna.

2.7 FATLAÐIR MEÐ OG ÁN ÞJÓNUSTU - SAMANTEKT

Af þeim 1512 einstaklingum sem eru á skrá hjá SSR eru um 70% í þjónustu og um 10% eru með umsóknir um þjónustu. Um 20% fatlaðra á skrá SSR eru hins vegar án þjónustu og eiga ekki umsóknir um þjónustu.



Mynd 2-9 Þjónustustaða fatlaðra

Nokkurn fyrirvara verður að hafa á þessari skiptingu þar sem ekki er tekið tillit til skörunar milli þeirra sem eru í þjónustu og þeirra sem sækja um þjónustu. Þá er heldur ekki að fullu tekið tillit til skörunar milli undirhópa í þjónustu. Hópur þeirra sem er hvorki með umsókn né þjónustu er því eitthvað stærri en 20%.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að einstaklingar séu hvorki í þjónustu né með umsókn um þjónustu. Börn sem sótt er um umönnunargreiðslur fyrir eru t.d. skráð í gagnagrunninn óháð því hvort þau þarfnist sértækrar þjónustu eða ekki. Þá fær SSR afrit af niðurstöðum fötlunar-greininga frá Greiningarstöð ríkisins og skráir þær hjá sér hvort sem viðkomandi sækir um sér-tæka þjónustu eða ekki. Einnig eru skráðir þeir einstaklingar sem sækja um styrki vegna náms eða verkfærakaupa og eiga rétt á þeim vegna fötlunar en þurfa ekki á sértækri þjónustu að halda. Einnig er rétt að nefna hóp fólks sem hefur notið sértækrar þjónustu en þarfnast hennar ekki sem stendur hvað sem síðar verður. Því er rétt að benda á að aðeins hluti þessa hóps mun sækja um þjónustu.

3 STJÓRNUN OG SKIPULAG ÞJÓNUSTU

3.1 MARKMIÐ OG HLUTVERK SSR

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík (SSR) starfar samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og reglugerð um svæðisskrifstofur nr. 273/1993. Í 12. gr. laga um málefni fatlaðra segir svo um hlutverk svæðisskrifstofa:

Svæðisskrifstofur í málefnum fatlaðra skulu hafa með höndum eftirfarandi viðfangsefni:

- 1. Að annast rekstur fyrir fatlaða á vegum ríkisins, svo og aðra þjónustu og starfsemi fyrir fatlaða á vegum ríkisins samkvæmt lögum þessum.*
- 2. Að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði, sbr. 40. gr., og ekki eru á vegum sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnana.*
- 3. Að safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkvæmt lögum þessum.*
- 4. Að annast gerð svæðisáætlunar til þriggja ára um uppbyggingu þjónustu við fatlaða og leggja fyrir svæðisráð til umsagnar.*
- 5. Að veita svæðisráðum aðstoð og þjónustu til þess að þau geti sem best sinnt hlutverki sínu.*
- 6. Að annast mat á þörf hins fatlaða fyrir þjónustu, sbr. 2. gr., í samráði við greiningaraðila.*
- 7. Að eiga samstarf og samráð við [heilsugæslu] og fræðslustjóra vegna málefna fatlaðra.*
- 8. Að eiga samstarf við sveitarfélög vegna félagsþjónustu og ferlimála fatlaðra.*
- 9. Að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.*
- 10. Að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf á svæðinu.*

Hlutverk SSR er að veita þeim þjónustu og aðstoð sem eru andlega eða líkamlega fatlaðir og þarfnast sérstaks stuðnings af þeim sökum.

Með fötlun er einkum átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Fötlun getur einnig verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

Fjölskyldur fatlaðs fólks og þeir sem veita þeim þjónustu geta leitað til SSR sem hefur yfirsýn yfir þjónustu fyrir fatlað fólk í Reykjavík.

SSR veitir upplýsingar um möguleika fatlaðs fólks til þjónustu, náms, starfs og tómstundaiðju. Enn fremur aðstoðar SSR fólk við að sækja um aðstoð og þjónustu, m.a. hjá Tryggingastofnun ríkisins, sveitarfélögum og öðrum aðilum.

SSR rekur umfangsmikla þjónustu í Reykjavík fyrir fatlað fólk. Þjónusta SSR nær til ráðgjafaþjónustu, búsetuþjónustu, skammtímavistunar, dagþjónustu og atvinnuleitar. Aðrir rekstraradilar að þjónustu í Reykjavík skv. lögum um málefni fatlaðra eru Ás styrktarfélag, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Blindrafélagið og Múlalundur

Þjónusta SSR er bundin við fatlaða íbúa í Reykjavík. Í mars 2010 voru 1512 fatlaðir einstaklingar á skrá hjá SSR.

3.2 STJÓRNHÆTTIR SSR OG SKIPULAG

Stjórnhættir SSR felast í sviðskiptri verkefnastjórn. Með sviðsskiptingu er átt við að starfsemi sé skipt í fimm megin svið: *barnasvið*, *fullorðinssvið*, *starfmannasvið*, *rekstrarsvið* og *þróunar- og greiningarsvið*. Með verkefnastjórn er átt við að einstakir starfsþættir séu skilgreindir sem sérstök afmörkuð verkefni og unnin af verkefnahópum með skýra ábyrgð.

Skipurit Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík



Mars 2006

Mynd 3-1 Skipurit SSR sem gildir frá 2006

Helstu verkefni sviða eru sem hér segir:

Barnasvið hefur umsjón með þjónustu fyrir börn og foreldra fatlaðra barna. Þjónustan felst einkum í stoðþjónustu, sem skiptist í skammtíamavistun og stuðningsfjölskyldur, rekstur á heimili fyrir börn, mat á umönnunarbörf m.t.t. umönnunargreiðslna frá TR, stuðning við starfsfólk, og aðstoð og ráðgjöf fyrir foreldra og aðstandendur.

Fullorðinssvið hefur umsjón með allri þjónustu fyrir fullorðna svo sem þjónustu á heimilum, atvinnu- og dagþjónustu ásamt atvinnu með stuðningi. Þjónusta á fullorðinssviði er umfangsmesti þátturinn í þjónustu SSR.

Þróunar- og greiningarsvið sinnir þróun og nýsköpun. Það hefur umsjón með umsóknum um þjónustu, verklagsferlum, gæðastjórnun og gagnagrunni.

Starfsmannasvið annast ráðningar starfsmanna og önnur kjaramál svo sem launaröðun og launavinnslu. Starfsmannasvið hefur umsjón með fræðslu starfsmanna og öryggismálum.

Fjármálasvið annast gerð rekstraráætlana og aðra fjármálastjórnun. Sviðið heldur utan um bókhald og skjalastjórnun SSR og skjala- og málastjórnunarkerfi. Þá heyrir rekstur aðalskrifstofu undir fjármálasvið.

Framkvæmdastjóri sér um stefnumótun og markmiðasetningu SSR. Hann hefur með höndum samskipti við velferðarráðuneyti og aðra samstarfsaðila. Framkvæmdastjóri annast ráðningar forstöðumanna og annarra stjórnenda.

Í samræmi við stjórnunarhætti SSR starfa verkefnahópar sem sinna ákveðnum afmörkuðum verkefnum. Meðal fastra verkefnahópa eru:

Framkvæmdaráð SSR. Í framkvæmdaráði sitja sviðsstjórar auk framkvæmdastjóra. Á viku- legum fundum framkvæmdaráðs eru rædd öll stefnumótandi mál er varða rekstur og þjónustu SSR.

Gæðaráð. Gæðaráð samþykkir verklag og verkferla sem fylgt er í daglegri starfsemi SSR.

Umsóknarteymi. Sérstök teymi vinna allar umsóknir sem SSR berast um þjónustu. Vinnan fylgir verklagi sem samþykkt er af gæðaráði SSR. Umsóknarteymin eru:

- Búsetuteymi - vinnur allar umsóknir um búsetu og stuðning í búsetu.
- Stoðþjónustuteymi - afgreiðir umsóknir um stuðningsfjölskyldur og skammtí mavistun.
- Dagþjónustuteymi - tekur á móti umsóknum um verndaða vinnu, hæfingu og þjálfun.
- AMS-teymi – tekur á móti og vinnur umsóknir um atvinnu með stuðningi.
- Styrkjateymi - vinnur umsóknir um námsstyrki og styrki til tækjakaupa.

Fræðslunefnd annast gerð fræðsluáætlunar og skipuleggur fræðslu fyrir starfsfólk.

Öryggisnefnd vakir yfir þáttum sem tengjast vinnuöryggi á starfsstöðvum SSR.

Hópar stjórnenda. Hjá SSR starfar mikill fjöldi stjórnenda en starfsstöðvar á vegum SSR hafa verið um 50. Fagleg uppbygging hefur falist í að starfsstöðvar eru gróflega flokkaðar eftir áherslum í þjónustu og forstöðumönnum skipt upp í 10 vinnuhópa, 3-5 í hvern hóp.

Stjórnendahópar hafa tekið að sér ákveðin afmörkuð verkefni fyrir stofnunina en meginmarkmið þeirra er stöðug og markviss endurskoðun á þjónustu og rekstri, samræming á þjónustu og hugmyndafræði ásamt miðlun þekkingar og reynslu. Stjórnendahópar hafa jafnframt það hlutverk að vera faglegur- og stjórnunarlegur stuðningur og bakhjarl fyrir einstaka forstöðumenn.

Samræmingarhópur. Einn fulltrúi úr hverjum hópi stjórnenda skipa samræmingarhóp ásamt fulltrúa af starfsmannasviði og sviðs- og verkefnastjóra á fullorðinssviði. Samræmingarhópur hefur það markmið að efla og styrkja stjórnkerfi SSR, auka gæði og samræma þjónustu. Hópurinn fundar fjórum sinnum á ári. Samræmingarhópurinn tryggir heildarsýn yfir þjónustu og starfsemi

SSR, samræmir verklag og skipulag hópastarfsins, safnar og miðlar upplýsingum og kemur hugmyndum á framfæri.

Sjálfsmat SSR. Markmið SSR með sjálfsmati á gæðum þjónustunnar er að SSR búi yfir aðferð sem greinir, leggur mat á og mælir árangur í faglegu starfi, fylgist með innra starfi starfsstöðva á skipulegan og formlegan hátt og leggur grunn að sameiginlegum skilningi og yfirsýn allra starfsmanna. Hér er um að ræða aðferð sem jafnframt skapar lærdómsferli þar sem starfsmannahópurinn dregur sameiginlega fram bæði styrkleika í starfseminni og það sem betur má fara og kemst sameiginlega að niðurstöðu um þær umbætur sem gera þarf til að bæta og tryggja góða þjónustu. Umbótaverkefni birtast síðan í starfsáætlun viðkomandi starfsstöðva. Sjálfsmatsfundir eru haldnir á öllum starfsstöðvum SSR á fyrri hluta árs og sérstakur verkefnahópur hefur umsjón með stjórnun og skipulagi funda.

Starfsáætlanir. Stjórnendur allra starfsstöðva SSR gera áætlun um þær áherslur sem leggja á í starfi hvers árs. Á þann hátt er stjórnun og faglegt starf gert markvisst og sýnilegt. Í starfsáætlun þarf að koma fram greining á núverandi stöðu, megináherslur ársins í þjónustu, starfsmannamálum og rekstri ásamt framkvæmdaáætlun þar sem megináheslur eru settar upp í vel skilgreind verkefni. Forstöðumenn ásamt yfirproskapjálfum og deildarstjórum kynna starfsáætlun formlega fyrir viðkomandi stjórnendahóp og framkvæmdaráði SSR í byrjun árs og stöðu- og endurmatsfundir eru haldnir tvisvar á ári.

4 UMFANG OG EÐLI ÞJÓNUSTU

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 á fatlað fólk rétt á margvíslegri sértækri þjónustu. Eftirfarandi er lýsing á þjónustu sem fötluðum stendur til boða almennt og hvernig framkvæmd þjónustu er háttað í Reykjavík. Þjónustan snýr að búsetu, dagþjónustu og verndaðri vinnu, skammtímavistun, og stuðningsfjölskyldum fyrir börn. Þá annast SSR móttöku og vinnslu umsókna um umönnunarbætur fyrir börn og styrki til náms og verkfærakaupa fyrir fatlað fólk.

Auk SSR veitir ÁS – styrktarfélag fötluðu fólki búsetu, dagþjónustu og verndaða vinnu. Reykjavíkurborg hefur með höndum umfangsmikla almenna og sérhæfða þjónustu fyrir fatlaða. Reykjavíkurborg annast frá 1. maí 2010 alla sérhæfða félagslega þjónustu fyrir fólk með geðfötlun. Að auki hefur Reykjavíkurborg með höndum bæði búsetuþjónustu fyrir fatlaða og skammtímavistun fyrir börn samkvæmt þjónustusamningi við SSR. Þá hefur Öryrkjabandalag Íslands og Blindrafélagið með höndum verndaða vinnu og starfsþjálfun fyrir fatlað fólk.

4.1 BÚSETA

Fatlað fólk á rétt á þjónustu til búsetu í samræmi við þarfir sínar og óskir eftir því sem kostur er. Í lögum um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir eftirtöldum aðstæðum í búsetu:

1. Félagslegar íbúðir.
2. Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.
3. Sambýli.
4. Áfangastaðir.
5. Vistheimili.
6. Heimili fyrir börn.

Umsóknir um búsetu og frekari liðveislu fyrir aðra en geðfatlaða fara fram í gegnum heimasíðu SSR. Umsóknirnar eru unnar af Búsetuteymi SSR. Meðferð umsókna felst í því að staðfesta rétt umsækjanda til þjónustu, meta þjónustubörf hans, afla upplýsinga um þjónustuóskir og forgangsraða umsókninni á grundvelli verklags sem m.a. tekur tillit til aðstæðna umsækjanda. Umsóknir um búsetu fyrir fólk með geðfötlun eru sendar viðkomandi þjónustumiðstöð RVK.

4.1.1 FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR (FREKARI LIÐVEISLA)

Fatlað fólk sem býr í leiguíbúðum og nýtur félagslegrar heimaþjónustu og félagslegrar liðveislu frá sveitarfélaginu á rétt á frekari liðveislu frá svæðisskrifstofu eftir þörfum. Frekari liðveisla kemur til viðbótar félagslegri heimaþjónustu og félagslegri liðveislu af hálfu Reykjavíkurborgar (RVK). Framkvæmd frekari liðveislu getur verið í formi verktakasamnings sem gerður er við notandann sjálfan eða þjónustusamnings við annan þjónustuaðila. Á síðari árum hefur samstarf SSR og Reykjavíkur aukist um framkvæmd þjónustunnar þannig að SSR greiðir RVK sem

framkvæmdaaðila. Auk SSR og RVK hefur ÁS - styrktarfélag frekari liðveislu með höndum. Í lok ágúst 2010 er framkvæmd frekari liðveislu með eftirfarandi hætti:

- SSR 21 verktakasamningur
- RVK 47 einstaklingar með þjónustusamninga
- STÁS 21 einstaklingur með frekari liðveislu

4.1.2 ÍBÚÐIR MEÐ SAMEIGINLEGRI AÐSTÖÐU (ÞJÓNUSTUKJARNAR)

Þjónusta þessi er í daglegu tali kölluð íbúðakjarnar eða þjónustukjarnar. Íbúar leigja nær- eða samliggjandi íbúðir þar sem einnig er starfsmannaaðstaða til staðar og stundum einhver sameiginleg aðstaða. Fyrirkomulag annars það sama og í félagslegum íbúðum þar sem íbúar njóta bæði félagslegrar heimaþjónustu og félagslegrar liðveislu af hálfu RVK. SSR og RVK hafa með höndum rekstur þjónustukjarna.

Þjónustukjarnar á vegum SSR eru:

Staður:	pnr.	fj. íbúa	fötlun
Rangársel 16-20	109	7	Þroskahamlaðir
Ránargata 12	101	6	Þroskahamlaðir
Starengi 118	112	5	Þroskahamlaðir
Samtals:		18	

Þjónustukjarnar á vegum RVK eru:

Staður:	pnr.	fj. íbúa	fötlun
Austurbrún 2	104	6	Geðfatlaðir
Bergþórugata 41	101	5	Geðfatlaðir
Dalbraut 34	104	6	Geðfatlaðir
Einarsnes 62a	107	6	Þroskahamlaðir
Esjugrund 5	116	5	Geðfatlaðir
Flókagata 29-31	105	11	Geðfatlaðir
Gunnarsbraut 51	105	9	Geðfatlaðir
Hraunbær 107a	110	7	Geðfatlaðir
Hverfisgata 125	105	8	Geðfatlaðir
Lindargata 27	101	6	Geðfatlaðir
Skarphéðinsg. 14-16	105	5	Geðfatlaðir
Skúlagata 42-46	101	7	Þroskahamlaðir
Skúlagata 70-74	105	17	Geðfatlaðir
Sléttuvegur 9	108	8	Geðfatlaðir
Sóleyjargata 39	101	8	Geðfatlaðir
Starengi 6	112	6	Geðfatlaðir
Þórðarsveigur 1-5	113	5	Geðfatlaðir
Samtals:		125	

4.1.3 ÁFANGASTAÐIR OG SAMBÝLI

Sambýli er skilgreint sem heimili fámenns hóps fatlaðra sem þarfnast að jafnaði nærveru starfsfólks og halda heimili saman gegnum sameiginlegan heimilissjóð. Ábyrgð heimilishalds hvílir á starfsfólki. Launakostnaður greiðist af rekstraraðila. Sambýli eru stundum aðgreind í íbúðarsam-

býli og herbergjasambýli eftir því hvort íbúar deila salernis- og eldhúsaðstöðu eða búa í einstaklingsíbúðum innan sambýlisins. Rekstrarform áfangastaða er hið sama og sambýla en litið er svo á að búseta íbúa þar sé tímabundin. SSR og ÁS - styrktarfélag reka sambýli en einvörðungu SSR rekur áfangastaði.

Sambýli og áfangastaðir á vegum SSR:

Staður:	pnr.	fjöldi	starfsemi
Drekavogur 16	104	5	Áfangastaður
Vesturbrún 17	104	5	Sambýli
Byggðarendi 6	108	6	Áfangastaður
Stuðlasel 2	109	5	Sambýli
Sólheimar 21b	104	5	Sambýli
Grundarland 17	108	4	Sambýli
Bröndukvísl 17	110	8	Sambýli
Stigahlíð 71	105	5	Sambýli
Tindasel 1	109	4	Sambýli
Fannafold 178	112	7	Sambýli
Mururimi 4	112	5	Sambýli
Vallengi 2	112	6	Sambýli
Stigahlíð 54	105	5	Sambýli
Viðarrimi 42	112	5	Sambýli
Lækjarás 8	110	5	Sambýli
Vættaborgir 82	112	6	Sambýli
Sogavegur 208	108	5	Sambýli
Trönuhólar 1	111	5	Sambýli
Jöklasel 2	109	6	Sambýli
Hólaberg 76	111	6	Sambýli
Mýrarás 2	110	4	Sambýli
Barðastaðir 35	112	6	Sambýli
Hólmasund 2	104	6	Sambýli
Skagasel 9	109	5	Sambýli
Þorláksgeisli 72	113	4	Sambýli
Ránargata 12	101	6	Áfangastaður
Skipholt 15	105	9	Áfangastaður
Hátún 6	105	5	Áfangastaður
Sporhamrar 5	112	5	Áfangastaður
Bleikargróf 5	108	5	Sambýli

Samtals: 163

Sambýli á vegum ÁSS – styrktarfélags:

Staður:	pnr.	fjöldi	starfsemi
Láland 23	108	4	Sambýli
Kleppsvegur 38	104	2	Sambýli
Auðarstræti 15	105	7	Sambýli
Háteigsvegur 6	105	7	Sambýli
Víðihlíð 5	105	3	Sambýli
Víðihlíð 7	105	3	Sambýli
Víðihlíð 9	105	3	sambýli
Víðihlíð 11	105	4	Sambýli
Langagerði 122	108	5	Sambýli

Samtals: 38

4.1.4 VISTHEIMILI.

Heimili fyrir fatlaða þar sem rekstraraðili ber allan kostnað af búsetu íbúa sem einvörðungu njóta vasapeninga frá TR. Engin vistheimili eru í Reykjavík.

4.1.5 HEIMILI FYRIR BÖRN.

Heimili fyrir börn eru rekin sem vistheimili (heimilið stendur undir öllum kostnaði vegna umönnunar). Börnin eiga ekki lögheimili á staðnum heldur hjá foreldrum. Heimilið á Holtavegi 27 var lagt niður þegar Móvað 9 opnaði sem heimili fyrir börn árið 2008 og búa þar 5 börn á aldrinum 13-17 ára. Heimilinu að Árlandi 9 var lokað haustið 2009 vegna endurbóta og verður opnað aftur á haustmánuðum 2010 sem skammtímavistun.

Eitt barn dvelur hjá fjölskyldu á vegum SSR.

Sótt er um heimili fyrir börn á heimasíðu SSR. Umsóknir eru unnar í samstarfi

Stoðþjónustuteymis og Búsetuteymis á vegum SSR.

4.2 DAGÞJÓNUSTA – VERNDUÐ VINNA

Í XI. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra segir: „Starfrækja skal sérstakar hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, svo og dagvistarstofnanir fyrir fatlaða sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.“

Sótt er um dagþjónustu á heimasíðu SSR. Umsóknir eru unnar af dagþjónustuteymi á vegum SSR.

SSR rekur tvær dagvistarstofnanir fyrir fatlaða, Iðjuberg að Gerðubergi 1 og Gylfaflöt að Bæjarflöt 17. ÁS - styrktarfélag hefur með höndum umfangsmikla þjónustu fyrir fatlaða í Reykjavík hvað varðar dagvistun og verndaða vinnu. Þá er einnig vernuð vinna á vegum Blindrafélagsins og Öryrkjabandalagsins. Vinnustaðir eru sem hér segir:

Staður	Pnr	Rekst.	Fj. st.	Tegund þjónustu
Brautarholt 6 - Ás vinnustofa	105	Ás	43	Vernduð vinna
Hamrahlíð 17 - Blindravinnust.	105	Blindraf.	20	Vernduð vinna
Síðumúli 37 - AMS	108	SSR	99	Atvinna með stuðningi
Stjörnugróf 9 - Bjarkarás	108	ÁS	43	Dagvist/hæfing
Stjörnugróf 7 - Lækjarás	108	ÁS	33	Dagvist/hæfing
Reykjalundur - Múlalundur	270	ÖBÍ	22	Vernduð vinna
Hátún 10 - Tæknivinnust.	105	ÖBÍ	18	Vernduð vinna
Safamýri 5 - Lyngás	105	ÁS	23	Þjálfun/hæfing

Stjörnugróf 9 - Selið	108	ÁS	7	Dagvist/hæfing
Gerðuberg 1 - Iðjuberg	109	SSR	39	Dagvist/hæfing
Bæjarflöt 35 - Gylfaflöt	112	SSR	28	Dagvist/hæfing
Samtals: 375				

4.3 SKAMMTÍMAVISTUN

Í 22. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra segir m.a. svo: „Foreldrar skulu eiga kost á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur. Skammtímavistun er ætlað að veita fötluðum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.“

Sótt er um skammtímavistun á heimasíðu SSR. Umsóknirnar eru unnar í stoðþjónustuteymi SSR. Dvalartími í skammtímavistun er 3-14 sólahringar í mánuði. Umsóknir um skammtímavistun fyrir börn í Álfalandi fara í gegnum ráðgjafa á þjónustumiðstöðum Reykjavíkurborgar til inntökuteymis á vegum borgarinnar. Fulltrúi frá barnasviði SSR situr þessa fundi.

Á vegum SSR eru reknar 3 skammtímavistanir í Reykjavík:

- Eikjuvogur 9 104 5 pláss 6 – 18 ára
- Hólaberg 86 111 5 pláss 6 – 18 ára
- Holtavegur 27 104 7 pláss 13 – 67 ára

Helgardagvistun (dagþjónusta) er rekin á vegum SSR:

- Gylfaflöt 112 17 pláss 12 – 17 ára

Skammtímavistun fyrir börn er rekin af RVK:

- Álfaland 108 5 pláss 1-12 ára

4.4 STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR

Í 21. gr. laganna segir svo: „Fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.“ SSR annast gerð samninga um dvöl barna hjá stuðningsfjölskyldu. Í ákveðnum tilvikum eru gerðir þjónustusamningar um þjónustu við viðkomandi barn í stað samnings við stuðningsfjölskyldu. Algengast er að barn dvelji 2-3 sólarhringa á mánuði hjá stuðningsfjölskyldu.

Í árslok 2009 voru 207 börn með stuðningsfjölskyldu eða þjónustusamning en samtals var þjónusta veitt 5805 daga árið 2009. Fyrstu 8 mánuði ársins 2010 höfðu 3715 dagar verið veittir í þessa þjónustu.

Sótt er um stuðningsfjölskyldu á heimasíðu SSR. Umsóknir eru unnar af stoðþjónustuteymi SSR.

þeir sem óska eftir því að gerast stuðningsfjölskylda þurfa að skila inn læknis- og sakavottorði og einnig fer aðili frá SSR inn á heimilið og skoðar aðstæður.

4.5 UMÖNNUNARGREIÐSLUR

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er hlutverk svæðisskrifstofa m.a. að annast mat á umönnunarpörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Eftirlit og skráning vegna fötlunar fer fram á á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Barna- og unglingageðdeild, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga og berast niðurstöður athugana og læknisvottorð frá þessum aðilum til SSR.

Sótt er um umönnunargreiðslur með því að leggja fram umsókn ásamt læknisvottorði til Tryggingastofnunar sem sendir gögnin áfram til svæðisskrifstofa og óskar eftir tillögum. Meðferð umsókna fellst í því að farið er yfir gögn s.s. niðurstöður athugana frá skráningaraðilum, læknisvottorð og jafnframt eru foreldrar boðaðir í viðtöl. Tillaga að umönnunarflokki og hlutfalli greiðslu er síðan send til TR sem tekur endanlega ákvörðun. Umönnunarmat er almennt gert til 2–5 ára og er að þeim tíma loknum gjarnan sótt um endurnýjun. Fjöldi umsókna sem bárust SSR til afgreiðslu árið 2009 voru 273. Fyrstu 8 mánuði ársins 2010 hafa borist 212 umsóknir.

4.6 STYRKIR TIL NÁMS OG VERKFÆRAKAUPA

Samkvæmt 27. gr. laga um málefni fatlaðra er heimild til að styrkja fatlaða fólk til verkfæra-kaupa og til greiðslu námskostnaðar og er til þess veitt ákveðinni uppæð á fjárlögum. SSR hefur tekið á móti umsóknum og annast mat á þörf fatlaðra í Reykjavík fyrir slíka styrki. Í ár nemur þessi upphæð fyrir Reykvíkinga kr. 3.400 þús. Hin síðari ár hafa umsóknir um styrkinn verið auglýstar að hausti með einni sameiginlegri auglýsingu fyrir allt landið. Árið 2009 bárust 135 umsóknir frá fötluðu fólki í Reykjavík. Styrkjateymi SSR hefur unnið umsóknirnar. Vinnan felst í því að meta hvort umsækjendur uppfylli skilyrði laga um fötlun og að meta gögn umsækjanda varðandi greiddan kostnað.

Sótt er um styrki á heimasíðu SSR. Umsókn skulu fylgja vottorð er tilgreini fötlun svo og staðfesting á útlögðum kostnaði vegna náms eða verkfæra-kaupa.

4.7 RÁÐGJÖF

Svæðisskrifstofur skulu sjá til þess að fötluðu fólki sé veitt sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf. Í Reykjavík hefur fatlað fólk getað leitað ráðgjafar til sérfræðinga SSR.

Sækja má um ráðgjöf á heimasíðu SSR. Almennt er þó ekki sótt formlega um ráðgjöf heldur er ráðgjöf veitt í síma eða með viðtali allt eftir eðli hvers máls.

5 STARFSSTÖÐVAR EFTIR ÞJÓNUSTUHVRFUM

Í þessum kafla er upptalning og stutt lýsing á starfsstöðvum fyrir fatlað fólk eftir þjónustuhverfum Reykjavíkurborgar. Þjónustuhverfi borgarinnar eru 6: Vesturgarður, Miðborg og Hlíðar, Laugardalur og Háaleiti, Breiðholt, Árbær og Grafarholt og Miðgarður (Grafarvogur og Kjalar-nes).

5.1 VESTURBÆR – VESTURGARÐUR

Á þjónustusvæði Vesturgarðs búa 15.747 íbúar. Þar af eru 99 einstaklingar með fötlun eða 0,63 %. Af íbúum með fötlun eru 56 eða 57 % fullorðnir og 43 eða 43 % börn. Af þessum fjölda er 73 eða 73,7 % veitt einhver sértæk þjónusta.

Fjöldi fullorðinna einstaklinga sem njóta sértækrar þjónustu á heimilum sínum á eða í tengslum við sértækar starfsstövar fyrir fatlaða í hverfinu er 12 á 2 starfsstöðvum.

Af þessum starfstöðvum rekur SSR 1 (6) og RVK 1 (6)

Heildarkostnaður sértækrar þjónustu í hverfinu er 49 millj. SSR 38 m og RVK 11 millj.

Stöðugildi SSR eru 5,6,

5.1.1 BÚSETUÞJÓNUSTA

Einarsnes 62a

VEL

Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2001

Þjónustuþyngd: Fl.1 (1), Fl.3 (3), Fl.4 (1), Fl.5 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (6)

Eignarhald: Hússjóður Þroskahjálpar. Íbúar leigja af Þroskahjálpar.

Lýsing: Íbúðakjarni með sameiginlega aðstöðu og þjónustu fyrir fólk með væga þroskahömlun.

Starfsemin fer fram í tveggja hæða húsi sem Hússjóður Þroskahjálpar byggði sérstaklega fyrir búsetu fatlaðra. Í húsinu eru fjórar samskonar íbúðir, tvær á efri hæð og tvær á jarðhæð.

Aðstaða er fyrir starfsfólk á stigapalli. Þjónusta er einstaklingsmiðuð. Í tveimur íbúðanna búa pör en einstaklingar í hinum. Allir íbúarnir, 3 konur og 3 karlmenn, eru þroskahamlaðir.

Aldursbil er 30-49 ár. Samningur er milli SSR og Velferðarsviðs um þjónustuna sem er undir daglegri stjórn Vesturgarðs.

Gjöld SSR umfram tekjur: 10.585

Ránargata 12

SSR

Áfangastaður (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2004

Þjónustuþyngd: Fl.2 (1), Fl.4 (3), Fl.5 (1), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (2), skynfötlun (1), einhverfa (1), önnur fötlun (2)

Eignarhald: Fasteignafélag. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Áfangastaður fyrir fólk með væga þroskaheftingu og/eða þroskafrávik. Aldursbil 19-52 ár. 5 konur og 1 karlmaður. Sex litlar einstaklingsbúðir á þremur hæðum í raðhúsi.

Starfsmannaaðstaða í kjallara. Engin sameiginleg aðstaða fyrir íbúa. Aldursbil íbúa: 20-53 ár Engin næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 38.361

Stöðugildi: 5,6

5.2 MIÐBÆR OG HLÍÐAR

Á þjónustusvæði Miðbæjar og Hlíða búa 18.267 íbúar. Þar af eru 229 einstaklingar með fötlun eða 1,25 %. Af íbúum með fötlun eru 164 eða 72 % fullorðnir og 65 eða 28 % börn. Af þessum fjölda er 147 eða 64 % veitt einhver sértæk þjónusta.

Fjöldi fullorðinna einstaklinga sem njóta sértækrar þjónsutu á heimilum sínum á eða í tengslum við sértækar starfsstövar fyrir fatlaða í hverfinu er 101 á 12 starfsstöðvum.

Af þessum starfstöðvum rekur SSR 3 (19) , RVK 6 (51) og Ás 3 (26)

Í hverfinu eru einnig tveir vinnustaðir fyrir fólk með fötlun þar sem vinna samtals 63 einstaklingar, Ás 1 (43) og Blindrafélagið 1 (20)

Heildarkostnaður sértækrar þjónustu í hverfinu er 548 millj. SSR 137 m, RVK 217 m, Ás 173 m og aðrir 21 millj. Stöðugildi SSR eru 19,4.

5.2.1 BÚSETUÞJÓNUSTA

Auðarstræti 15 Ás Sambýli (herbergi/íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: ?

Þjónustuþyngd: Fl.3 (2), Fl.4 (4), Fl.5 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (6)

Eignarhald: Ás styrktarfélagi. Íbúar leigja af Ási.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með umönnunarþarfir í meðallagi. Sambýlið er í tveggja hæða húsi með kjallara. Engin sameiginleg aðstaða. Á sambýlinu búa 1 kona og 5 karlmenn á aldrinum 43-71 árs. Næturvakt með Háteigsvegi um helgar.

Gjöld umfram tekjur: 27,885

Bergþórugata 41 VEL Þjónustukjarni fyrir geðfatlaða

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2009

Þjónustuþyngd: Fl.3 (1), Fl.4 (3), Fl.5 (1)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Félagsbústaðir. Íbúar leigja af Félagsbústöðum.

Lýsing: Þjónustukjarninn er í stigagangi í sambyggðri húsaröð. Starfsmannaaðstaða í einni íbúð. Í kjarnanum búa 5 karlmenn á aldrinum 24-46 ára. Engin næturvakt.

Gjöld umfram tekjur:

Stöðugildi:

Flókagata 29-31 VEL Þjónustukjarni fyrir geðfatlaða

Fjöldi íbúa: 11

Stofnár: 2007

Þjónustuþyngd: Fl.5 (4), Fl.6 (6), Fl.7(1)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félagsbústaðir framleigja íbúum.

Lýsing: Heimili fyrir geðfatlað fólk. 2 hús á þremur hæðum hvort. 6 einstaklingsíbúðir innréttaðar í öðru húsinu og 5 í hinu. Starfsmannaaðstaða og sameiginlegt eldhús innréttað í bílskúrum á milli húsanna. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 66.639

Stöðugildi: 10,1

Gunnarsbraut 51 VEL Þjónustukjarni fyrir geðfatlaða

Fjöldi íbúa: 14

Stofnár: 1998

Þjónustuþyngd:

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Félagsbústaðir. Íbúar leigja af Félagsbústöðum.

Lýsing: Þjónustukjarninn samanstendur af húsi á Gunnarsbraut 51 þar sem er skrifstofa og starfsmannaaðstaða auk búsetu íbúa, Skarphéðinsgötu 14 og Skarphéðinsgötu 16 þar sem íbúar búa. Aldursbil 30 – 64 ár. Næturvakt fyrir alla staðina er á Gunnarsbraut.

Gjöld umfram tekjur: 32.173

Stöðugildi:

Háteigsvegur 6 Ás Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 7

Stofnár: ?

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (3), Fl.6 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (7)

Eignarhald: Styrktarfélagið Ás. Íbúar leigja af St. Ás.

Lýsing: Stóru einbýlishúsi og bílskúr hefur verið breytt í þjónustukjarna með 6 íbúðum. Engin sameiginleg aðstaða. Á sambýlinu búa 4 konur og 3 karlmenn á aldrinum 30-47 ára. Næturvakt með Auðarstræti um helgar.

Gjöld umfram tekjur: 34.621

Stöðugildi:

Lindargata 27 VEL Þjónustukjarni fyrir geðfatlaða

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2008

Þjónustuþyngd: Fl.3 (2), Fl.4 (2), Fl.5 (2)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Brynja-Straumhvörf. Félagsbústaðir framleigja íbúum.

Lýsing: Heimili fyrir geðfatlað fólk. 7 íbúðir stigagangi. Á Lindargötu búa 2 konur og 4 karlar á aldrinum 36-73 ára. Starfsmannaaðstaða í einni íbúð. Ekki næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 25,496

Stöðugildi: 3,9

Skipholt 15 – 17 SSR Áfangastaður (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6+3

Stofnár: 2005 - 9

Þjónustuþyngd: Fl.2 (1), Fl.3 (1), Fl.4 (4), Fl.5 (2), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (8), skynfötlun (1)

Eignarhald: Brynja – hússjóður ÖBÍ – SSR framleigir íbúum í Skipholti 15. Íbúar í Skipholti 17 leigja beint af Brynju.

Lýsing: Áfangastaður fyrir ungt fólk með væga þroskaheftingu. Aldursbil 25-41 ár. 5 karlmenn og 4 konur. Einstaklingsíbúðir. Starfsaðstaða fyrir starfsfólk í kjallara. Engin sameiginleg aðstaða. Þremur íbúðum í Skipholti 17 bætt við 2009. Engin næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 37.884

Stöðugildi: 4,4

Skúlagata 46

VEL

Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 7

Stofnár: 1999

Þjónustuþyngd: Fl.2 (2), Fl.3 (1), Fl.4 (1), Fl.6 (1), Fl.7 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (2), hreyfihömlun (3), annað (2)

Eignarhald: Hússjóður Þroskahjálpar. Íbúar leigja af Þroskahjálpar.

Lýsing: Íbúðakjarni með sameiginlega aðstöðu og þjónustu fyrir fólk með blandaðar fatlanir. Starfsemin fer fram í 6 íbúðum í eigu Hússjóðs Þroskahjálpar. Að auki fær þar í eigin íbúð í næsta stigagangi þjónustu. Í húsinu eru einstaklings og paríbúðir og sérstaklega góð aðstaða fyrir hreyfihamlaða. Þjónusta er einstaklingsmiðuð. Aðstaða fyrir starfsfólk er í einni íbúð. Í kjarnanum eru 6 konur og 1 karlmaður á aldrinum 29-42 ár. Samningur er milli SSR og Velferðarsviðs um þjónustuna sem er undir daglegri stjórn þjónustumiðstöðvar Miðbæjar og Hlíða. Næturvakt.

Gjöld SSR umfram tekjur:

Sóleyjargata 39

VEL

Þjónustukjarni fyrir geðfatlaða

Fjöldi íbúa: 8

Stofnár: 1994

Þjónustuþyngd: Fl.6(8)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félagsbústaðir framleigja íbúum.

Lýsing: Heimili fyrir geðfatlað fólk. Hús á tveimur hæðum með kjallara. Sameiginleg aðstaða og eldhús á 1 hæð. Eftir að VEL yfirtók rekstur í maí 2010 hefur rekstri verið breytt í hæfingu og búsetuþjálfun fyrir geðfatlaða. Breytingu ekki lokið í sept. 2010. Næturvakt.

Samtals kostnaður: 38,331

Stöðugildi: 5,6

Stigahlíð 54

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1996

Þjónustuþyngd: Fl.6 (2), Fl.7 (3)

Fötlun: Þroskahömlun (5).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir umönnunarpungt þroskahamlað fólk. Sambýlið er í einbýlishúsi á einni hæð. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á sambýlinu búa 3 karlmenn og tvær konur á aldrinum 41-47 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 54.157

Stöðugildi: 8,3

Stigahlíð 71

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1991

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (1), Fl.6 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (3), skynfötlun (2)

Eignarhald: Blindrafélagið. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað blint fólk með meðal til miklar umönnunarþarfir. Sambýlið er í einbýlishúsi á einni hæð. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á sambýlinu búa 3 konur og tveir karlmenn á aldrinum 31-56 ára.

Gjöld umfram tekjur: 45.222

Stöðugildi: 6,7

Víðihlíð 5, 7, 9 og 11

Ás

sambýli

Fjöldi íbúa: 13

Stofnár: ?

Þjónustuþyngd: Fl.2 (1), Fl.3 (2), Fl.4 (9), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (13)

Eignarhald: Styrktarfélagið Ás. Íbúar leigja af St. Ás.

Lýsing: Fjórum sambyggðum húsum og bílskúr hefur verið breytt í þjónustukjarna fyrir 13 íbúða. Engin sameiginleg aðstaða. Á sambýlinu búa 9 konur og 4 karlmenn á aldrinum 33-54 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 62.388

Stöðugildi:

5.2.2 DAGÞJÓNUSTA OG ATVINNUSTARFSEMI:

Brautarholt 6

St. Ás

Vernduð vinna

Fjöldi stöðugilda fatlaðra: 43

Stofnár:

Eignarhald: Ás?

Lýsing: Vinnustaður fyrir fatlaða á 5. hæð í atvinnuhúsnæði.

Gjöld umfram tekjur: 48,048

Hamrahlíð 17 Blindrafélagið

Vernduð vinna

Fjöldi stöðugilda fatlaðra: 20

Stofnár:

Eignarhald: Blindrafélagið.

Lýsing: Vinnustofa í húsnæði Blindrafélagsins. Auk vinnustofunnar er skrifstofa félagsins, fundaraðstaða, mötuneyti og íbúðir fyrir blinda í húsinu.

Gjöld umfram tekjur: 21.414

5.3 LAUGARDALUR OG HÁLEITI

Á þjónustusvæði Laugardals og Háaleitis búa 29.407 íbúar. Þar af eru 419 einstaklingar með fötlun eða 1,42 %. Af íbúum með fötlun eru 305 eða 73% fullorðnir og 114 eða 27% börn. Af þessum fjölda er 346 eða 83% veitt einhver sértæk þjónusta.

Fjöldi fullorðinna einstaklinga sem njóta sértækrar þjónustu á heimilum sínum á eða í tengslum við sértækar starfsstövar fyrir fatlaða í hverfinu er 120 á 18 starfsstöðvum.

Af þessum starfsstöðvum rekur SSR 9 (46) , RVK 6 (67) og Ás 3 (12)

Á þjónustusvæðinu eru nú reknar 3 skammtímvistanir og sú fjórða verður opnuð í Árlandi 9 í október n.k. , SSR 3 (62) og RVK 1 (33)

Í hverfinu eru einnig 6 vinnustaðir fyrir fólk með fötlun fyrir utan AMS þar sem vinna samtals 248 einstaklingar, Ás með 5 vinnustaði (120) og Tæknivinnustofa ÖBÍ (18) og AMS (110).

Heildarkostnaður sértækrar þjónustu í hverfinu er 1.363 millj. SSR 609 m, RVK 311 m, Ás 423 m og aðrir 19 millj. Stöðugildi SSR eru 97 (fyrir utan aðalskrifstofu SSR).

5.3.1 BÚSETUÞJÓNUSTA

Austurbrún 6

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2009

Þjónustuþyngd: Fl.4 (3) Fl.5 (3)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Félagsbústaðir. Íbúar leigja af Félagsbústöðum.

Lýsing: 5 íbúðir í fjölbýlishúsi. Íbúar eru fullorðnir geðfatlaðir karlmenn og tvær konur.

Starfsmannaaðstaða og eldhús í einni íbúðanna. Næturvakt með Dalbraut.

Gjöld umfram tekjur:

Stöðugildi:

Bleikargróf 4

SSR

Sambyli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2009

Þjónustuþyngd: Fl.6 (2) Fl.7 (3)

- Fötlun: Þroskahömlun (3), einhverfa (1), önnur fötlun (1)
- Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

- Lýsing: Sambýli fyrir 5 fjölfötluð ungmenni með miklar umönnunarþarfir. Aldursbil: 28-36. Sambýlið er í stóru sérbyggðu húsi. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og geymslur.
- Næturvakt.
- Gjöld umfram tekjur: 53.472
- Stöðugildi: 9,9

Byggðarendi 6

SSR

Áfangastaður (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 1987

Þjónustuþyngd: Fl.6 (5), Fl.7 (1).

Fötlun: Þroskahömlun (4), einhverfa (2).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Áfangastaður fyrir vægt þroskahamlað fólk og fólk með alvarleg hegðunarfrávik.

Áfangastaðurinn er í stóru einbýlishúsi á tveimur hæðum. Íbúar búa í einstaklingsíbúðum (ca.

30-35 fermetrar hver). Engin sameiginleg aðstaða fyrir íbúa. Aðstaða fyrir starfsfólk. Á

Áfangastaðnum búa 3 konur og 3 karlmenn. Aldur íbúa er á bilinu 24-35 ár. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 71.106

Stöðugildi: 11,9

Dalbraut 23

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2009

Þjónustuþyngd: Fl.3 (1), Fl.4 (2), Fl.5 (3).

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Félagsbústaðir. Félagsbústaðir leigja íbúum.

Lýsing: 6 íbúðir í raðhúsum. Íbúar eru fullorðnir geðfatlaðir karlmenn. Starfsmannaaðstaða og

eldhús í einni íbúðanna. Á Dalbraut búa 5 karlmenn á aldrinum 37-57 ára. Næturvakt með

Austurbrún.

Gjöld umfram tekjur:

Stöðugildi:

Drekavogur 16

SSR

Áfangastaður (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1983

Þjónustuþyngd: Fl.4 (1), Fl.5 (3), Fl.6 (1).

Fötlun: Þroskahömlun (4), einhverfa (1).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Búsetuþjálfun fyrir fólk með þroskahömlun sem er að flytja í sjálfstæða búsetu eða sambýli. Áætlað er að þjálfun hvers íbúa taki frá 10-18 mánuðum í sambýlinu.

Áfangastaðurinn er í tveggja hæða tvíbýlishúsi. Á áfangastaðnum eru tvö eldhús og tvö

baðherbergi. Í dag búa 5 karlmenn í Drekavogi. Aldur íbúanna er á bilinu 24-29 ár.

Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 39.215

Stöðugildi: 5,4

Grundarland 17

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 4

Stofnár: 1989

Þjónustuþyngd: Fl.5 (1), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (3), hreyfihömlun (1)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með yfir miðlungs umönnunarpunga. Sambýlið er í einbýlishúsi á einni hæð. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Bílskúr er innréttaður sem einstaklingsíbúð. Á sambýlinu búa tveir karlmenn og tvær konur á aldrinum 40-46 ár. Í undirbúningi er að fjölga íbúum um einn. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 36.237

Stöðugildi: 6,2

Hátún 6

SSR

Áfangastaður (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2006

Þjónustuþyngd: Fl.4 (3), Fl.5 (2).

Fötlun: Þroskahömlun (3), einhverfa (2).

Eignarhald: Fasteignafélag. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Áfangastaður fyrir unga menn með raskanir á einhverfurófi og/eða skyld þroskafrávik. Sex íbúðir á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi. Starfsmannaaðstaða í einni íbúðanna. Matarklúbbur að hluta. Fimm karlmenn á aldrinum 25 til 44 ár. Næturvakt lögð af 2009.

Gjöld umfram tekjur: 40.799

Stöðugildi: 4,1

Hólmásund 2

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2002

Þjónustuþyngd: Fl.5 (2), Fl.7 (4)

Fötlun: Þroskahömlun (3), einhverfa (1), fjölfötlun (2)

Eignarhald: Brynja. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir 6 þroskahömluð ungmenni með umönnunarþarfir yfir meðallagi. Sambýlið er í stóru sérbyggðu húsi. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á sambýlinu búa 4 karlmenn og 2 konur á aldursbilinu 20-27. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 79.326

Stöðugildi: 11,7

Hverfisgata 125

VEL

Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 8

Stofnár: 2008

Þjónustuþyngd: Fl.5 (6), Fl.6 (2)

Fötlun: Geðfötlun (8)

Eignarhald: Brynja. Félagsbústaðir framleigja íbúum.

Lýsing: Íbúðakjarni með sameiginlega aðstöðu og þjónustu fyrir fólk með geðfötlun. Starfsemin fer fram í 9 íbúðum í eigu Brynju. Í húsinu eru einstaklingsíbúðir og lyfta. Þjónusta er einstaklingsmiðuð. Aðstaða er fyrir starfsfólk er í einni íbúð. Í kjarnanum eru 3 konur og 5 karlmenn á aldrinum 41-70 ár.

Gjöld umfram tekjur: 45.854

Kleppsvegur 32

Ás

Sambýli

Fjöldi íbúa: 2

Stofnár: 2008

Þjónustuþyngd: Fl.5 (2)

Fötlun: Þroskahömlun

Eignarhald: Önnur íbúðin er eign Áss en hin eign Brynju.

Lýsing: 2 íbúðir í fjölbýlishúsi. Íbúar eru fullorðnir þroskahamlaðir karlmenn 35 og 37 ára.

Starfsmannaaðstaða ekki til staðar. Ekki næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 5.500

Stöðugildi:

Langagerði 122

Ás

Sambýli

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2007

Þjónustuþyngd: Fl.3 (1), Fl.4 (1), Fl.5 (2), Fl.7 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (5)

Eignarhald: Styrktarfélagið Ás sem leigir íbúum.

Lýsing: Íbúðasambýli með 5 einstaklingsíbúðum. Íbúar eru fullorðnir þroskahamlaðir einstaklingar. Í Langagerði búa 4 konur og 1 karlmaður á aldrinum 51-63 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 51.540

Stöðugildi:

Láland

Ás

Sambýli

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2007

Þjónustuþyngd: Fl.4 (3), Fl.6 (2)

Fötlun: Þroskahömlun

Eignarhald: Styrktarfélagið Ás sem leigir íbúum.

Lýsing: Herbergjasambýli með 5 íbúum. Íbúar eru fullorðnir þroskahamlaðir einstaklingar. Í Lálandi býr 1 kona og 4 karlmenn á aldrinum 45-70 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 37.360

Stöðugildi:

Skúlagata 70-74

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 17

Stofnár: 2009

Þjónustuþyngd:

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Félagsbústaðir. Íbúar leigja af Félagsbústöðum.

Lýsing: 12 íbúðir í tveimur stigagöngum í fjölbýlishúsi. Íbúar eru fullorðnir geðfatlaðir karlmenn og konur. Starfsmannaaðstaða og eldhús í einni íbúðanna. Þá er einum íbúa í nærliggjandi stigagangi veitt þjónusta. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 76.716

Stöðugildi:

Sléttuvegur 3,7 og 9

VEL

Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 22

Stofnár: 2004

Þjónustuþyngd: Fl.2 (3), Fl.3 (3), Fl.4 (3), Fl.5 (4), Fl.6 (4), Fl.7 (5).

Fötlun: Hreyfihömlun (21), annað (1).

Eignarhald: Brynja – hússjóður ÖBÍ. Íbúar leigja af Brynju.

Lýsing: Samningur er milli SSR og VEL um rekstur þjónustukjarna sem þjónustar hluta fatlaðra íbúa sem þarfnast sértækrar þjónustu. VEL heldur utan um daglegan rekstur þjónustunnar.

Starfsemin fer fram í húsum sem eru í eigu Brynju - hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands. Í húsunum eru íbúðir með sérstaklega góðu aðgengi og aðstöðu fyrir hreyfihamlaða.

Gjöld umfram tekjur:

Stöðugildi:

Sléttuvegur 9

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 8

Stofnár: 2002

Þjónustuþyngd: Fl. 4(1), Fl. 5(6), Fl. 6(1)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Brynja. Félagsbústaðir leigja af Brynju og framleigja íbúum.

Lýsing: Þjónustukjarninn er í sjö íbúðum á sömu hæð í fjölbýlishúsi. Í einni íbúðinni er starfsmannaaðstaða og sameiginlegt eldhús. Í tveimur íbúðum búa tveir íbúar. Íbúar eru allir karlmenn á aldrinum 48-63 ára. Næturvakt var til að byrja með en er aflögð.

Gjöld umfram tekjur: 38.608

Stöðugildi: 4,9

Sogavegur 208

SSR

Sambýli (herbergi)/frek.lið.

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1999

Þjónustuþyngd: Fl.2 (1), Fl.3 (2), Fl.4 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (3), geðfötlun (2)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambland af sambýli og þjónustu í frekari liðveislu fyrir 5 konur. Þjónustan fer fram í stóru einbýlishúsi á tveimur hæðum. Á efri hæð er rekið sambýli fyrir þrjár konur. Þar er sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á neðri hæð eru tvær einstaklingsíbúðir þar sem búa tvær konur sem njóta ráðgjafar frá starfsfólki sambýlisins. Allar eru konurnar alvarleg geðræn einkenni og þrjár með þroskahömlun. Aldursbil íbúa er frá 36-66 ára.

Gjöld umfram tekjur: 15.036

Stöðugildi: 1,33

Sólheimar 21b

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1987/2002

Þjónustuþyngd: Fl.7 (5)

Fötlun: Fjölfötlun (5)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir mikið líkamlega og andlega fatlað fólk. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Sambýlið er sérstaklega byggt fyrir fullorðið fólk með fjölfötlun. Á sambýlinu búa þrjár konur og tveir karlmenn á aldrinum 20-38 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 64.839

Stöðugildi: 11,3

Vesturbrún 17

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1986

Þjónustuþyngd: Fl.5 (4), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (5)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með meðal þjónustuþunga og vaxandi þjónustuþarfir sökum öldrunar. Húsið er einbýlishús á tveimur hæðum. Hver íbúi hefur sitt herbergi en borðstofa, eldhús og hreinlætisaðstaða er sameiginleg. Á sambýlinu eru 3 konur og 2 karlmenn á aldrinum 48-71 árs.

Gjöld umfram tekjur: 34.162

Stöðugildi: 5,7

5.3.2 SKAMMTÍMAVISTANIR

Álfaland

VEL

Skammtímavistun

Fjöldi gesta: 33

Stofnár: ?

Fötlun:

Eignarhald: Reykjavíkurborg?.

Lýsing: Næturvakt.

Kostnaður samtals: 81.894

Árland 9

SSR

Skammtímavistun

Fjöldi gesta: 10

Stofnár: 2010

Þjónustuþyngd:

Fötlun:

Eignarhald: Framkvæmdasjóður.

Lýsing: Árland var byggt sem heimili fyrir mikið líkamlega og andlega fötluð börn. Í ár er verið að endurnýja innréttingar og verður heimilið opnað í haust sem skammtímavistun fyrir 10 börn

sem deila með sér 5 plássum. Þjónustan fer fram í sérbyggðu húsnæði þar sem tekið er mið af þörfum fjölfatlaðra barna. Íbúar fluttu í búsetuþjónustu fyrir fullorðna þegar heimilinu var lokað haustið 2009 vegna endurbóta. Verður opnað aftur seinni hluta árs 2010 með nýjum íbúum. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 23.637

Stöðugildi: 9,0

Eikjuvogur 9

SSR

Skammtímvist

Fjöldi í þjónustu: 20

Stofnár: ?

Eignarhald: Framkvæmdasjóður.

Lýsing: Eikjuvogur er skammtímvistun fyrir börn með mismunandi fatlanir á aldrinum frá 6-18 ára. Pláss er fyrir 5 börn í einu. Hvert barn hefur sitt eigið svefnherbergi. Í húsnæðinu er góð eldhúsaðstaða og borðstofa.

Gjöld umfram tekjur: 46.746

Stöðugildi: 6,1

Holtavegur 27

SSR

Skammtímvist

Fjöldi í þjónustu: 31

Stofnár: 2002

Eignarhald: Framkvæmdasjóður.

Lýsing: Á Holtavegi er skammtímvistun fyrir börn og fullorðna á aldrinum frá 13-67 ára. Sem stendur njóta 10 börn og 21 fullorðinn með mismunandi fatlanir þjónustu á skammtímvistinni í hverjum mánuði en pláss er fyrir 7 einstaklinga í skammtímvistinni á hverjum tíma. Fjöldi gistidaga er misjafn eftir aðstæðum hvers og eins. Húsið var byggt með þarfir fjölfatlaðra barna í huga en hefur verið aðlagað núverandi starfsemi. Sérhver gestur hefur sitt eigið svefnherbergi. Í húsnæðinu er góð eldhúsaðstaða og borðstofa.

Gjöld umfram tekjur: 63.384

Stöðugildi: 8,9

5.3.3 DAGÞJÓNUSTA – VERNDUÐ VINNA

Atvinna með stuðningi (AMS)

Fjöldi í þjónustu: 110

Stofnár: 1999

Eignarhald: SSR leigir af eiganda.

Lýsing: AMS er leið í atvinnumálum fyrir þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar þurfa aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað. Ráðgjafi Ams þjálfar einstaklinginn á vinnustaðnum og fylgir honum eftir með stuðningi eins lengi og þörf krefur. Í dag eru 110 einstaklingar starfandi fyrir milligöngu AMS.

Gjöld umfram tekjur: 41.048

Stöðugildi: 5,8

Bjarkarás**Ás****Dagvist/hæfing**

Fjöldi í þjónustu: 43

Stofnár: 1971

Eignarhald: St. Ás

Lýsing: Bjarkarás er hæfingarstaður fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun frá 20 ára aldri.

Starfsemin fer fram á 5 deildum, hver deild hefur sín markmið og er leitast við að veita einstaklingsmiðaða og fjölbreytta þjónustu. Á þremur deildum fær fólk þjálfun í færni sem þarf til að starfa á vinnumarkaði. Þar eru verkefni unnin fyrir ýmis fyrirtæki, t.d blaðapökkun og álímingar. Bjarkarás er með Smiðju sem er stór hluti starfseminnar. Þar fer fram skapandi starf og er afraksturinn seldur. Gróðurhús er starfrækt á lóðinni og þar fer fram lífræn ræktun grænmetis og sumarblóma.

Gjöld umfram tekjur: 92.589

Stöðugildi: 22

Hátún 10 Múlalundur ÖBÍ**Hæfing/vernduð vinna**

Fjöldi í þjónustu: 22

Stofnár: 1959

Eignarhald: ÖBÍ

Lýsing: Múlalundur er starfsendurhæfing á vegum ÖBÍ. Múlalundur hefur sérhæft sig í framleiðslu á plast- og pappavörum fyrir skrifstofur ásamt fylgihlutum skrifstofunnar. Í Múlalundi eru 22 heilsdagsstörf, 22 eru í starfshæfingu og 9 í verndaðri vinnu.

Gjöld umfram tekjur: 23.717

Stöðugildi:

Hátún 10 Örtækni**Hæfing/vernduð vinna**

Fjöldi í þjónustu: 18

Stofnár: 1976

Eignarhald: ÖBÍ

Lýsing: Örtækni veitir fólki með fötlun tímabundna starfsþjálfun og/eða vinnu til frambúðar.

Örtækni er deild innan Vinnustaða ÖBÍ sem er í eigu Öryrkjabandalags Ísland og rekið á ábyrgð þess. Þar starfa að jafnaði 13-18 starfsmenn, flestir fatlaðir.

Gjöld umfram tekjur: 19.369

Stöðugildi:

Lyngás**Ás****Dagvist/hæfing**

Fjöldi í þjónustu: 26

Stofnár: 1961

Eignarhald: St. Ás

Lýsing: Lyngás er dagvistun fyrir fjölfötluð börn og ungmenni á aldrinum 1 – 20 ára. Á

Lyngási eru starfræktar 3 deildir fyrir hádegi og 4 eftir hádegi. Lyngás þjónustar 25 – 30 einstaklinga hverju sinni. Í Lyngási er veitt einstaklingsmiðuð þjónusta með áherslu á: Athafnir daglegs lífs, boðskipti, þroska- og sjúkraþjálfun og félagsstarf.

Gjöld umfram tekjur: 82.737

Stöðugildi:

Lækjarás**Ás****Dagvist/hæfing**

Fjöldi í þjónustu: 33

Stofnár: 1981

Eignarhald: St. Ás

Lýsing: Lækjarás er dagþjónusta fyrir fatlað fólk frá 20 ára aldri. Lækjarás þjónustar 33 – 35 þjónustunotendur hverju sinni. Í Lækjarási eru 5 einingar þar sem er boðið upp á mismunandi tilboð. Starfsemin er einstaklingsmiðuð og lögð áhersla á fjölbreytta þjónustu. Helstu viðfangsefnin eru: Pökkunarvinna, verkefnavinna, klúbbastarfsemi, tölvutímar, líkamspjálfun og vettvangsferðir.

Gjöld umfram tekjur: 85.312

Selið**Ás****Dagvist/hæfing**

Fjöldi í þjónustu: 7

Stofnár:

Eignarhald: St. Ás

Lýsing: Í Selið kemur fólk með einhverfu sem þarf séraðlagað umhverfi til að finna til öryggis og vellíðunar. Þar er einstaklingsmiðuð þjónusta. Selið er rekið samhliða Bjarkarási.

Gjöld umfram tekjur: 30.200

Stöðugildi:

Sértæk dagþjónusta fjölfatlaðra**Ás****Dagvist/hæfing**

Fjöldi í þjónustu: 11

Stofnár: 2010

Eignarhald: St. Ás

Lýsing: Þjónustan mun fara í gang haust 2010. Til að byrja með verður hún staðsett í Lyngási. Þjónustan verður fyrir fjölfatlað fólk frá 20 – 30 ára aldurs. Unnið verður einstaklingsmiðað með hverjum og einum.

Gjöld umfram tekjur: 38.100

Stöðugildi:

5.4 BREIÐHOLT

Á þjónustusvæði Breiðholt búa 21.090 íbúar. Þar af eru 325 einstaklingar með fötlun eða 1,54 %. Af íbúum með fötlun eru 168 eða 52% fullorðnir og 157 eða 48% börn. Af þessum fjölda er 166 eða 51% veitt einhver sértæk þjónusta.

Fjöldi fullorðinna einstaklinga sem njóta sértækrar þjónustu á heimilum sínum á eða í tengslum við sértækar starfsstövar fyrir fatlaða í hverfinu er 37 á 7 starfsstöðvum. SSR rekur öll sértæk búsetuúrræði í hverfinu.

Í hverfinu er ein skammtí mavistun fyrir börn (Hólaberg 86) og einn vinnustaður fyrir fatlaðra (Íðjuberg). Báðir þessir staðir eru reknir af SSR.

Heildarkostnaður sértækrar þjónustu í hverfinu er 504 millj. og er hún öll rekin af SSR.

Stöðugildi SSR eru 85

5.4.1 BÚSETA

Hólaberg 76

SSR

Sambýli (herbergi/íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 1992

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (1), Fl.6 (3).

Fötlun: Einhverfa (6).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir 4 og íbúðarþjónusta fyrir 2 einstaklinga með einhverfu. Sambýlið er í tveggja hæða einbýlishúsi. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða fyrir 4 íbúa.

Íbúðarþjónustan fyrir tvo einstaklinga fer fram í innréttuðum bílskúr og öðru sérinnréttuðu húsnæði á lóð sambýlisins. Umönnunarpungi í meðallagi. 3 karlmenn og 3 konur. Aldursbil 38-45. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 46.986

Stöðugildi: 8,2

Jöklasel 2

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Rekstur til SSR: 1987

Þjónustuþyngd: Fl.6 (2) Fl.7 (4)

Fötlun: Einhverfa (6).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir einhverft fólk með alvarleg atferlisfrávik. Sambýlið er í stóru sérbyggðu húsi. Starfshættir á sambýlinu miðast við þarfir fólks með einhverfu og alvarleg hegðunarfrávik.

Allir íbúar búa í einstaklingsíbúðum. Á staðnum er stór sameiginleg eldhúsaðstaða. Á sambýlinu búa 4 karlmenn og 2 konur. Aldursbil 16-26 ár. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 99.952

Stöðugildi: 16,2

Rangársel 16 – 20

SSR

Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 7

Stofnár: 2001

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (4), Fl.6 (1)

Fötlun: Proskahömlun (3), einhverfa (1), hreyfih. (2), önnur fötlun (1)

Eignarhald: Brynja – hússjóður ÖBÍ. Íbúar leigja af Brynju.

Lýsing: Íbúðakjarni með sameiginlega aðstöðu og þjónustu fyrir fólk með hreyfihömlun og/eða væga þroskahömlun. Starfsemin fer fram í tveggja hæða fjölbýlishúsi í eigu Hússjóðs

Öryrkjabandalagsins. Í húsinu eru einstaklings og paríbúðir og sérstaklega góð aðstaða fyrir hreyfihamlaða. Aðstaða er fyrir starfsfólk á stigapalli. Þjónusta er einstaklingsmiðuð. Í kjarnanum eru 2 konur og 5 karlmenn á aldrinum 33-46 ára. Samningur er milli SSR og Velferðarsviðs um þjónustuna sem er undir daglegri stjórn SSR. Næturvakt sameiginleg með Starengi 118.

Rekið með Starengi 118.

Gjöld umfram tekjur: 19.590

Stöðugildi: 4,9

Skagasel 9

SSR

Sambýli (herbergi/íbúð)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2002

Þjónustuþyngd: Fl.5 (1), Fl.6. (2), Fl.7 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (4), einhverfa (1).

Eignarhald: Brynja. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir fólk með einhverfu og alvarleg atferlisfrávik. Upphaflegir íbúar komu af Kópavogshæli. Sambýlið er í einbýlishúsi. Starfshættir á sambýlinu miðast við þarfir fólks með einhverfu og alvarleg hegðunarfrávik. Einn íbúi býr í einstaklingsíbúð aðrir hafa sér herbergi. Sameiginleg eldhúsaðstaða og setustofa. Á sambýlinu búa þrír karlmenn og tvær konur á aldursbilinu 50-68 ára.

Gjöld umfram tekjur: 53.893

Stöðugildi: 8,8

Stuðlasei 2

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1987

Þjónustuþyngd: Fl.5 (4), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (5)

Eignarhald: Brynja – hússjóður ÖBÍ. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með vaxandi umönnunarþarfir vegna öldrunar. Sambýlið er í einbýlishúsi á einni hæð. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á sambýlinu býr einn karlmaður og 3 konur á aldursbilinu 37-63 ár.

Gjöld umfram tekjur: 38.808

Stöðugildi: 6

Tindasel 1

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 4

Stofnað: 1993

Þjónustuþyngd: Fl.6 (1), Fl.7 (3)

Fötlun: Þroskahömlun (2), fjölfötlun (2).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir alvarlega þroskahamlað fólk með miklar þjónustufarir. Sambýlið er í sérhönnuðu húsnæði á einni hæð. Íbúar búa í rúmgóðum herbergjum. Sameiginleg salernis- og baðaðstaða auk sameiginlegrar borðstofu og eldhúss. Á sambýlinu búa þrír karlmenn og ein kona á aldrinum 26-46 ára.

Gjöld umfram tekjur: 44.943

Stöðugildi: 7

Trönuhólar 1

SSR

Sambýli (herbergi/íbúðir)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnað: 1983

Þjónustuþyngd: Fl.6 (4), Fl.7 (1)

Fötlun: Einhverfa (5)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir fólk með einhverfu og mikla þroskahömlun. Sambýlið er í einbýlishúsi á tveimur hæðum. Tveir íbúar eru í litlum einstaklingsíbúðum en þrír íbúar hafa herbergi þar sem borðstofa, eldhús og hreinlætisaðstaða er sameiginleg. Hátt grindverk er umhverfis lóð hússins. Starfshættir miðast við þarfir fólks með einhverfu og alvarleg hegðunarfrávik. Á sambýlinu búa 5 karlmenn á aldrinum 19-40 ára.

Gjöld umfram tekjur: 66.647

Stöðugildi: 11,0

5.4.2 SKAMMTÍMAVISTUN

Hólaberg 86

SSR

Skammtímavistun

Fjöldi í þjónustu: 25

Stofnár: ?

Eignarhald: Framkvæmdasjóður.

Lýsing: Hólaberg er skammtímavistun fyrir börn með fötlun á einhverfurófi á aldrinum frá 6-18 ára. Pláss er fyrir 5 börn í einu. Hvert barn hefur sitt eigið svefnherbergi en deilir annarri aðstöðu með hinum. Dvalartímar eru misjafnir eftir þörfum og aðstæðum. Í húsnæðinu er góð eldhúsaðstaða og borðstofa.

Gjöld umfram tekjur: 54.171

Stöðugildi: 8,8

5.4.3 DAGÞJÓNUSTA

Iðjuberg

SSR

Dagvist/hæfing

Fjöldi í þjónustu: 39

Stofnár: 1995

Þjónustuþyngd: Fl.4 (5), Fl.5 (7), Fl.6 (16), Fl.7 (11)

Fötlun: Þroskahömlun (24), einhverfa (15)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður.

Lýsing: Iðjuberg er dagþjónusta og verndaður vinnustaður fyrir fjölbreyttan hóp fatlaðra á aldrinum 25 ára –og uppúr. Boðið er upp á heils dags-og hálf dags pláss (5 eru 15 tíma á viku; 29 eru 20 tíma á viku og 5 eru 40 tíma á viku). Iðjuberg er opið alla virka daga frá kl. 8:00 – 16:00. Allt starf í Iðjubergi er einstaklingsmiðað og er starfseminni skipt upp í fimm þætti. 1. Hæfing. 2. Vinnustofa. 3. Listiðja. 4. Dagþjónusta/félags og tómstundarstarf. 5. AMS - hópur. Húsið hefur verið innréttað með þarfir fatlaðs fólks í huga. Í húsnæðinu er góð eldhúsaðstaða og borðsalur þar sem flestir fatlaðir starfsmenn borða hádegisverð.

Gjöld umfram tekjur: 73.649

Stöðugildi: 14,5

5.5 GRAFARVOGUR – MIÐGARÐUR

Á þjónustusvæði Grafarvogs og Kjalarness búa 19.060 íbúar. Þar af eru 262 einstaklingar með fötlun eða 1,37 %. Af íbúum með fötlun eru 128 eða 49% fullorðnir og 134 eða 51% börn. Af þessum fjölda er 202 eða 77% veitt einhver sértæk þjónusta.

Fjöldi fullorðinna einstaklinga sem njóta sértækrar þjónustu á heimilum sínum á eða í tengslum við sértækar starfsstövar fyrir fatlaða í hverfinu er 46 á 10 starfsstöðvum.

Af þessum starfsstöðvum rekur SSR 7 (40) , RVK 1 (5), ein er rekin sameiginlega af SSR og VEL (5) og ein er rekin af sjálfstæðum rekstraraðila með 5 íbúum (Esjugrund)

Í hverfinu er rekin ein hæfingarstöð fyrir fólk með fötlun af SSR (28)

Heildarkostnaður sértækrar þjónustu í hverfinu er 603 millj. SSR 539 m, RVK 32 m og aðrir 32 millj. Stöðugildi SSR eru 86

5.5.1 BÚSETA

Barðastaðir 35

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 2002

Þjónustuþyngd: Fl.5 (1), Fl.6 (2) Fl.7 (3)

Fötlun: Þroskahömlun (2), einhverfa (4)

Eignarhald: Brynja – hússjóður ÖBÍ – SSR framleigir íbúum

Lýsing: Sambýli fyrir 6 þroskahömluð ungmenni með einkenni á einhverfurófi með umönnunarþarfir yfir meðallagi. Sambýlið er í stóru sérbyggðu húsi. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 97,491

Stöðugildi: 12,2

Esjugrund 5

Einkaaðilar (VEL)

Þjónusta fyrir geðfatlaðar

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2007

Þjónustuþyngd: Fl.6 (5)

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Einkaeign

Lýsing: Þjónusta fyrir 5 geðfatlaða einstaklinga með umönnunarþarfir yfir meðallagi. Þjónustan er í einbýlishúsi þar sem her íbúi hefur sitt herbergi. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á Esjugrund eru 3 konur og 2 karlar á aldrinum 58-71 árs. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 32.305

Fannafold 178

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5+2

Stofnár: 1993

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (3) Fl.6 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (7)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir 5 þroskahamlað einstaklinga með miðlungs umönnunarþarfir. Sambýlið er í stóru tveggja hæða einbýlishúsi. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða.

Sjálfstæð búsetuþjónusta fyrir tvær þroskahamlaðar ungar konur í íbúð tengdri sambýlinu.

Aldur íbúa er á bilinu 28-42 ár. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 43,094

Stöðugildi: 6,2

Mururimi 4

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1996

Þjónustuþyngd: Fl.6 (2) Fl.7 (3)

Fötlun: Þroskahömlun (2), einhverfa (3)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir umönnunarpungt þroskahamlað og/eða einhverft fólk með alvarleg atferlisfrávik. Sambýlið er í sérbyggðu húsnæði og hefur hver íbúi einstaklingsíbúð. Meðferð við hegðunarfrávikum byggir á aðferðum atferlismótunar. Á sambýlinu búa 3 konur og tveir karlmenn á aldrinum 30-41 árs.

Gjöld umfram tekjur: 63,973

Stöðugildi: 10,6

Sporhamrar 5

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár 2008

Þjónustuþyngd: Fl.3 (1), Fl.5 (2), Fl.6 (1) Fl.7 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (3), einhverfa (1), önnur fötlun (1)

Eignarhald: Hússjóður þroskahjálpar – SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Ungir íbúar með þroskahömlun og aðrar fatlanir. Íbúar búa í einstaklingsíbúðum. Þjónustu við hæfi hvers og eins. Starfsmannaaðstaða í einni íbúð. Fjórar konur og einn karlmaður. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 49,362

Stöðugildi: 7,4

Starengi 118

SSR/VEL

Þjónustukjarni

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1995

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (2), Fl.6 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (3), hreyfihömlun (2)

Eignarhald: Hússjóður þroskahjálpar. Íbúar leigja af þroskahjálpar.

Lýsing: Raðhús með 5 einstaklingsíbúðum og starfsmannaaðstöðu í eigu Hússjóðs þroskahjálpar. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þarfir fatlaðra í huga. Í íbúðunum búa 5 konur á aldrinum 29 – 47 ára. Þjónusta er einstaklingsmiðuð og veitt af SSR annars vegar og Miðgarði hins vegar. Sameiginleg næturvakt með Rangárseli.

Rekið með Rangárseli.

Gjöld umfram tekjur: 19.590

Stöðugildi: 4,9

Starengi 6

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár 2008

Þjónustuþyngd: Fl. 4(2), Fl. 5(3) einn íbúi ókominn

Fötlun: Geðfötlun

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félagsbústaðir framleigja íbúum.

Lýsing: Fullorðnir karlmenn með fíkn auk geðfötlunar. Íbúar búa í einstaklingsíbúðum.

Þjónustu við hæfi hvers og eins. Starfsmannaaðstaða í einni íbúð. Íbúar eru á aldrinum 28-49 ára. Í september 2010 á eftir að taka eina íbúð í notkun. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur:

Stöðugildi:

Vallengi 2

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 1996

Þjónustuþyngd: Fl.4 (2), Fl.5 (1), Fl.6 (1), Fl.7 (2)

Fötlun: Þroskahömlun (5), einhverfa (1)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með meðal til mikinn þjónustupunga. Húsið er sérhannað með þarfir fatlaðs fólks í huga og hefur hver íbúi litla einstaklingsíbúð. Auk aðstöðu í einstaklingsíbúðunum er á sambýlinu sameiginlegt eldhús og borðstofa. Á sambýlinu búa 2 karlmenn og 4 konur á aldrinum 34-45 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 47.315

Stöðugildi: 7,8

Viðarrimi 42

SSR

Sambýli (herb./íbúð)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1998

Þjónustuþyngd: Fl.4(1), Fl.5 (1), Fl.6 (2), Fl.7 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (5)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með sérstakar þjónustuparfir vegna líkamlegra sjúkdóma. Í bílskúr hefur verið innréttuð einstaklingsíbúð þar sem einn íbúinn býr. Aðrir íbúar hafa hver sitt herbergi en borðstofa, eldhús og hreinlætisaðstaða er sameiginleg. Á sambýlinu búa 4 karlmenn og 1 kona á aldrinum 42-61 árs. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 43.784

Stöðugildi: 7,3

Vættaborgir 82

SSR

Sambýli (íbúðir)

Fjöldi íbúa: 6

Stofnár: 1998

Þjónustuþyngd: Fl.6 (2), Fl.7 (4)

Fötlun: Þroskahömlun (4), fjölfötlun (2)

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir alvarlega þroskahamlað ungt fólk með miklar umönnunarþarfir. Sambýlið er í sérhönnuðu húsnæði þar sem hver íbúi býr í einstaklingsíbúð. Að auki er sameiginleg borðstofa og eldhús og sérstök baðaðstaða. Á sambýlinu búa 6 konur á aldrinum 19-33 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 70.802

Stöðugildi: 12,7

5.5.2 DAGÞJÓNUSTA

Gylfaflöt

SSR

Dagþjónusta/hæfing

Fjöldi í þjónustu: 28

Stofnár: 2000

Þjónustuþyngd: Fl.5 (10), Fl.6 (13), Fl.7 (8)

Fötlun: Þroskahömlun (10), einhverfa (18)

Eignarhald: Sjálfstæður eignaraðili. SSR leigir húsið.

Lýsing: Gylfaflöt er dagþjónusta fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Boðið er upp á heils dags – og hálf dags pláss (20 eru 20 tíma á viku; 5 eru 36 tíma og 3 eru 40 tíma á viku). Geta allt að 30 ungmenni notið þjónustunnar samtímis. Starfsemi Gylfaflatar er skipt upp í þrjá hópa. Í tveimur þeirra eru ungmenni með ólíkar fatlanir og í einum eru einhverfir. Helmingur þeirra ungmenna sem eru í Gylfaflöt búa hjá foreldrum/ aðstandendum, hin á sambýlum eða í sjálfstæðri búsetu. Gylfaflöt er opin alla virka daga frá kl. 8:30-16:30. Í húsnæðinu er góð eldhúsaðstaða og borðsalur þar sem flestir fatlaðir starfsmenn borða hádegisverð.

Gjöld umfram tekjur: 103.200

Stöðugildi: 12,7

5.6 ÁRBÆR – GRAFARHOLT

Á þjónustusvæði Árbæjar og Grafarholts búa 15.612 íbúar. Þar af eru 178 einstaklingar með fötlun eða 1,14%. Af íbúum með fötlun eru 83 eða 47% fullorðnir og 95 eða 53% börn. Af þessum fjölda er 114 eða 64% veitt einhver sértæk þjónusta.

Fjöldi fullorðinna einstaklinga sem njóta sértækrar þjónustu á heimilum sínum á eða í tengslum við sértækar starfsstövar fyrir fatlaða í hverfinu er 33 á 6 starfsstöðvum.

Af þessum starfsstöðvum rekur SSR 4 (21), RVK 2 (12)

Á þjónustusvæðinu rekur SSR einnig eitt heimili fyrir börn fyrir 5 börn (Móvað).

Heildarkostnaður sértækrar þjónustu í hverfinu er 338 millj. SSR 261 m og RVK 77 millj.

Stöðugildi SSR eru 36

5.6.1 BÚSETA

Bröndukvísl 17

SSR

Áfangastaður (herbergi/íbúð)

Fjöldi íbúa: 5+3

Stofnár: 1991

Þjónustuþyngd: Fl.3 (7), Fl.4 (1).

Fötlun: Þroskahömlun (7), einhverfa (1).

Eignarhald: Framkvæmdasjóður. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leigir íbúum.

Lýsing: Blandaður rekstur sambýlis og þjónustu í formi frekari liðveislu fyrir vægt þroskahamlað og/eða geðfatlað fólk. Sambýlið er í stóru einbýlishúsi á einni hæð. Sameiginleg hreinlætisaðstaða er á sambýlinu og sameiginleg borðstofa og eldhús. Tvær konur og tveir karlmenn búa inni á sambýlinu. Frá sambýlinu veitir starfsfólk einu pari og einum einstakling sem búsett eru í nálægum íbúðum (í Hraunbæ). Aldursbil íbúa er 36-53 ár. Ekki næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 20.726

Stöðugildi: 2,7

Hraunbær 107a

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 7

Stofnár: 2010

Þjónustuþyngd: Fl.4 (1), Fl.5 (5), Fl.6 (1)

Fötlun: Geðfötlun (7)

Eignarhald: Félagsbústaðir. Félagsbústaðir leigja íbúum.

Lýsing: Þjónustukjarni fyrir umönnunarpungt fólk með geðfötlun og fíkn. Einstaklingsíbúðir í eigu Félagsbústaða. Í kjarnanum búa 6 karlmenn og 1 kona á aldrinum 35-55 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: ?

Stöðugildi: ?

Lækjarás 8

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 1998

Þjónustuþyngd: Fl.6 (1), Fl.7 (4)

Fötlun: Skynfötlun, einhverfa og þroskahömlun (5)

Eignarhald: Brynja. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir umönnunarpungt fólk með alvarlega samsetta fötlun: einhverft, þroskahamlað og heyrnarlaust. Allir starfsmenn eru táknmálstalandi og fer þjónustan við íbúa fram á táknmáli. Sambýlið er í stóru einbýlishúsi á tveimur hæðum. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á sambýlinu búa 4 karlmenn og 1 kona á aldrinum 35-55 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 60.472

Stöðugildi: 10,2

Mýrarás 2

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 4

Stofnár: 2000

Þjónustuþyngd: Fl.5 (1), Fl.6 (2), Fl.7 (1)

Fötlun: Þroskahömlun (4).

Eignarhald: Brynja – hússjóður ÖBÍ. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir þroskahamlað fólk með vaxandi þjónustuparfir vegna öldrunar. Sambýlið er í einbýlishúsi á einni hæð. Sameiginlegt eldhús, borðstofa og hreinlætisaðstaða. Á sambýlinu búa 3 konur og einn karlmaður á aldrinum 63-74 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 38.155

Stöðugildi: 6

Þorlaksgeisli 70

SSR

Sambýli (herbergi)

Fjöldi íbúa: 4

Stofnár: 2003

Þjónustuþyngd: Fl.7 (4)

Fötlun: Einhverfa (4)

Eignarhald: Brynja. SSR framleigir íbúum.

Lýsing: Sambýli fyrir einhverft og þroskahamlað fólk með mikinn umönnunarpunga. Íbúar fluttu af Kópavogshæli. Húsið sem er á tveimur hæðum er sérstaklega innréttað fyrir starfseminu. Sameiginleg aðstaða fyrir tvo íbúa á hvorri hæð. Á sambýlinu búa 3 karlmenn og 1 kona á aldrinum 41-57 ára.

Gjöld umfram tekjur: 55.794

Stöðugildi: 7,2

Þórðarsveigur 1-5

VEL

Þjónustukjarni (geð)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2010

Þjónustuþyngd: Fl.6 (?), Fl.7 (?)

Fötlun: Geðfötlun (5)

Eignarhald: Félagsbústaðir. Félagsbústaðir leigja íbúum.

Lýsing: Þjónustukjarni fyrir umönnunarpungt fólk með geðfötlun og aðra íþyngjandi fatlanir (hreyfihömlun). Í kjarnanum búa 2 karlmenn og 3 konur á aldrinum 35-55 ára. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: ?

Stöðugildi: ?

5.6.2 HEIMILI FYRIR BÖRN

Móvað 9

SSR

Heimili fyrir börn (herbergi)

Fjöldi íbúa: 5

Stofnár: 2008

Þjónustuþyngd: Fl.7 (5).

Fötlun: Fjölfötlun (5).

Eignarhald: Ráð og rekstur ehf.

Lýsing: Heimili fyrir mikið líkamlega og andlega fötluð börn. Þjónustan fer fram í sérbyggðu húsnaði þar sem tekið er mið af þörfum fjölfatlaðra barna. Sameiginleg hreinlætisaðstaða. Á heimilinu búa 3 stúlkur og 2 drengur. Aldursbil íbúa er 14-16 ár. Næturvakt.

Gjöld umfram tekjur: 85.792

Stöðugildi: 10,0

5.7 ÓSTAÐSETT

5.7.1 SAMNINGAR UM FRAMKVÆMD FREKARI LIÐVEISLU.

SSR hefur gert einstaklingsbundna samninga um framkvæmd frekari liðveislu. Þessum samningum má skipta í þrennt eftir framkvæmd þjónustunnar: 1) Samningar við notanda eða náinn aðstandanda hans sem verktaka, 2) samningar við Reykjavíkurborg sem verktaka, og 2) samningar við önnur þjónustufyrirtæki sem verktaka.

1) Samningar við notanda eða náinn aðstandanda sem verktaka.

Samningar eru um 11 einstaklinga. Þjónustuþyngd: Fl. 2 (1), Fl.3 (1), Fl4 (1), Fl.5 (5), fl.6(2), Fl.7 (1). Fötlun: Þroskahömlun (1), Hreyfihömlun (8), Einhverfa (2).

2) Samningar við Reykjavíkurborg sem verktaka.

Samningar eru við tvær þjónustumiðstöðvar (ÞLH(22), Miðgarður(2)) um þjónustu við 24 einstaklinga. Þjónustuþyngd: Fl. 2 (6), Fl.3 (6), Fl4 (2), Fl.5 (1), vantar (9). Fötlun: Þroskahömlun (7), Geðfötlun (7), annað (1), vantar (9).

3) Samningar við önnur þjónustufyrirtæki sem verktaka.

Samningar eru við 4 þjónustufyrirtæki um þjónustu við 9 einstaklinga. Fyrirtækin eru: Garður (1), Herdísarholt (2), Sinnum (5) og Ylfa (1). Þjónustuþörf: Fl. 2 (2), Fl.3 (3), Fl4 (2), vantar (2). Fötlun: Þroskahömlun (2), Geðfötlun (1), Skynfötlun (2), Einhverfa (4).

Lengd viðvera grunnskólabarna 10 – 16 ára

Þjónusta veitt í Öskjuhlíðaskóla og Frístundaklúbbum á vegum borgarinnar.

Fjöldi í þjónustu: 18

Kostnaður 2010: 11.100000

Lengd viðvera framhaldsskólanema 16 - 20

Þjónusta veitt í Hinu húsinu Pósthússtræti.

Fjöldi í þjónustu: 20

5.7.2 STUÐNINGSFJÖLSKYLDUSAMNINGAR

Dvöl fatlaðra barna hjá stuðningsfjölskyldum er hluti af stoðþjónustu sem foreldrum fatlaðra barna er veitt. Misjafnt er hversu marga sólarhringa í mánuði börn dvelja hjá stuðningsfjölskyldum og fer það m.a. eftir fjölskylduaðstæðum og umönnunarþörf barnsins. Í mars 2010 nutu 157 börn þessarar þjónustu í Reykjavík, samtals 380 daga í mánuði. Þá voru sérstakir

Þjónustusamningar gerðir við aðstandendur um sambærilega þjónustu fyrir 19 börn, samtals fyrir 59 daga.

6 STARFSMANNAMÁL

Á aðalskrifstofu SSR vinna tveir launafulltrúar, auk verkefnastjóra og starfsmannastjóra, að starfsmannamálum, þ.m.t. launavinnslu, fræðslumálum, öryggismálum, heilsu og velferð. Launavinnsla fer fram í *Oracle* og *vinnustundin* er notuð við starfsmannahald á starfsstöðvum. Verið er að taka í notkun *valvaktakerfi* til skipulagningar vaka, en það byggir á óskum starfsmanna. *Ráðningakerfi* Oracle var tekið upp á síðasta ári og er í þróun.

6.1 MARKMIÐ OG VERKEFNI

Helstu markmið starfsmannasviðs eru eftirtalin:

- Að veita bestu mögulegu starfsmannapjónustu til handa starfsmönnum sem vinna með fötluðu fólki í þjónustu SSR, innan ramma fjárlaga.
- Að framkvæmd starfsmannastefnu endurspegli hugmyndafræði þeirrar þjónustu sem veitt er á SSR.

Helstu verkefni starfsmannasviðs:

- Starfsþróun starfsmanna
- Ráðningarferli
- Launavinnsla
- Stjórnunarráðgjöf til starfsstöðva
- Almenn ráðgjöf til starfsmanna
- Öryggismál
- Fræðslumál
- Heilsa og velferð starfsmanna

Hjá SSR störfuðu 600 starfsmenn í 399 stöðugildum 01.09.2010 á 40 mismunandi starfseiningum:

- í hlutastöðum ~ 85% starfsmanna
- í fullum stöðum ~ 15% starfsmanna
- Meðalstarfshlutfall: 65%

Skipulag starfsstöðva er í grófum dráttum sem hér segir:

- Forstöðumaður – stjórnun, starfsmannahld, fjárhags – og starfsáætlanagerð,
- Yfirþroskajálfari / deildarstjóri – umsjón með innra starfi og aðstoð við forstöðumann
- Stuðningsfulltrúar – bein þjónusta við notendur

6.2 STÉTTARFÉLAGSAÐILD STARFSMANNA SSR

Flestir starfsmenn SSR eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) eða um 81%. 13,5% eru í Þroskajálfafélagi Íslands (ÞÍ) og 2,5% í Eflingu. Sjá nánar á töflu 6-1.

Stéttarfélag	Fjöldi	%
Efling stéttarfélag	15	2,50%
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	1	0,17%
Félagsráðgjafafélag Íslands	4	0,67%
Fræðagarður	5	0,83%
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	2	0,33%
Kjararáð ýmsir	1	0,17%
Læknafélag Íslands	1	0,17%
Sálfræðingafélag Íslands	1	0,17%
Sjúkraliðafélag Íslands	5	0,83%
Starfsmannafélag ríkisstofnana	484	80,67%
Utan félaga opinberir starfsmenn	0	0,00%
Þroskajálfafélag Íslands	81	13,50%
	600	

Tafla 6-1 Starfsmenn eftir stéttarfélögum

6.3 ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

SSR hefur sett sér eftirtalda árangursmælikvarða í starfsmannamálum:


1. **Starfsmannavelta.** Starfsmannavelta síðustu 12 mánaða er birt mánaðarlega. Með starfsmannaveltu er átt við fjölda starfsmanna sem hætt hafa störfum síðustu 12 mánuði umreiknað í stöðugildi sem hlutfall af meðalstöðugildafjölda á sama tímabili. Markmið SSR er að í árslok 2010 verði starfsmannavelta 26% eða minni á ársgrundvelli. Staðan í ágúst er 40,9%.
2. **Veikindahlutfall.** Birtur er heildartímafjöldi fjarveru vegna veikinda síðastliðna 12 mánuði umreiknaður í stöðugildi sem hlutfall af heildarfjölda stöðugilda. Markmið SSR er að veikindahlutfall verði í árslok innan við 4,7%. Staðan í ágúst er 5,0%.
3. **Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði.** Birt verður uppsafnaður kostnaður yfirvinnu innan ársins sem hlutfalla af heildarlaunakostnaði. Markmið SSR er að hlutfallið í árslok verði innan við 9,8%. Staðan í ágúst er 13,8%.
4. **Fjöldi fjarverustunda vegna slysa starfsmanna.** Birtur er meðalfjöldi fjarverustunda starfsmanna vegna slysa á síðustu 12 mánuðum. Markmið SSR er að heildarfjöldi verði innan við 260 stundir í árslok 2010. Staðan í ágúst er 179.

7 FJÁRMÁL OG REKSTUR


Á rekstrarsviði starfa nú þrír starfsmenn auk sviðsstjóra; tveir við bókhald og umsýslu og einn við móttöku, sínavörslu og skjalavörslu. Þess ber að geta að bókhald SSR er fært hjá FJS og ársuppgjör er unnið hjá Ríkendurskoðun.

7.1 FJÁRHAGSRAMMI OG REKSTUR

Rekstur SSR er innan ramma fjárlaga það sem af er ársins 2010 og gert er ráð fyrir að hann skili afgangi í lok árs. Fjárheimild ársins 2010 var í byrjun árs 3.269.900 þús.kr. Að auki var veitt 24.300 þús.kr. vegna lengdrar viðveru í skólum og 10.500 þús.kr. vegna kostnaðar við yfirfærslu. Heimild ársins stendur því í 3.304.700 þús.kr. og er þá ekki tekið tillit til rekstrar-afgangs frá síðasta ári. Af heimildinni hafa nú í lok september verið nýtt um 74%. Fjárveitingar til SSR hafa um það bil tvöfaldast í krónum talið frá árinu 2004. Skýringar á aukningu er að finna í auknu umfangi og fjölgun sambýla/áfangastaða ásamt fjölgun samninga (sjá mynd 7-1).



Mynd 7-1 Rauntölur og fjárheimildir



Mynd 7-1 Frávik frá fjárheimildum

Stofnunin hefur haldið sig þokkalega innan ramma fjárheimilda undanfarin ár. Ef skoðuð eru síðustu 6 ár eru frávik á bilinu -2,44% til plús 2,64%. Ef þessi ár eru tekin saman eru jákvæð frávik frá rekstri tæpar 33 milljónir eða 0,24% (sjá mynd 7-2).

Rekstur ársins 2009 var jákvæður um 70 millj.kr. að teknu tilliti til fjárheimilda og afgangs frá fyrra ári. Rekstur ársins 2010 eftir fyrstu 8 mánuðina er jákvæður um 3,7% miðað við áætlun. Frávik launaliðar frá rekstraráætlun 2009 voru jákvæð um 0,2% og frávik launaliðar frá áætlun eftir fyrstu 9 mánuði ársins 2010 eru jákvæð um 1,7%.

SSR - rekstraryfirlit 2009*				
Rekstrarliðir	Rauntölur	Áætlun	Frávik	%
01 Laun	2.213.832	2.218.107	4.275	0,2%
02 Ferðir og fundir	17.957	21.783	3.826	17,6%
03 Rekstrarvörur	58.988	63.428	4.440	7,0%
04 Aðkeypt þjónusta	523.679	543.217	19.538	3,6%
05 Húsnæði	200.639	196.459	-4.181	-2,1%
06 Bifreiðar og vélar	51	165	114	68,9%
07 Rekstrarkostnaður	83.683	79.829	-3.854	-4,8%
08 Sértekjur	-82.726	-78.787	3.939	-5,0%
10 Framlag ríkissjóðs	-3.086.300	-3.044.400		-1,4%
Samtals	-70.196	-200	69.996	

Tafla 7-1 Rekstraryfirlit 2009


*óendurskoðað

SSR - rekstraryfirlit jan-agu 2010*				
Rekstrarliðir	Rauntölur	Áætlun	Frávik	%
01 Laun	1.443.775	1.479.143	35.368	2,4%
02 Ferðir og fundir	9.461	10.556	1.095	10,4%
03 Rekstrarvörur	33.275	37.431	4.156	11,1%
04 Aðkeypt þjónusta	529.414	580.005	50.591	8,7%
05 Húsnæði	134.487	140.356	5.869	4,2%
06 Bifreiðar og vélar	13	140	127	90,7%
07 Rekstrarkostnaður	74.971	75.499	528	0,7%
08 Sértekjur	-38.071	-52.072	-14.001	26,9%
Samtals	2.187.325	2.271.056	83.731	3,7%

Tafla 7-2 Rekstraryfirlit jan-agu 2010

*ólotað

Kostnaður SSR árið 2009 skiptist þannig á milli þjónustupátta að 58% fór til rekstrar sambýla og áfangastaða, 11% til skammtí mavistunar, 8% í frekari liðveislu, 8% í dagþjónustu og 5% í heimili fyrir börn. 6% fór til reksturs skrifstofu ásamt svæðisráði o.fl., 3% til stuðningsfjölskyldna og 1% í framlög. Sjá mynd 7-3.



Mynd 7-3 Skipting kostnaðar á þjónustupætti

7.2 ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

SSR hefur sett sér eftirtalda árangursmælikvarða í rekstri:

1. **Rekstur – uppsafnað frávik heildarlaunakostnaðar SSR.** Birt er mánaðarlegt yfirlit yfir uppsafnað heildarfrávik á launagreiðslum SSR miðað við rekstraráætlun. Markmið SSR er að frávik raunlaunakostnaðar verði jákvæð miðað við rekstraráætlun í árslok. Frávik launaliðar frá áætlun fyrir tímabilið janúar til september eru jákvæð um 28.326 þús.kr. eða 1,7%.
2. **Frávik launaliða rekstrareininga.** Birt er mánaðarlegt yfirlit yfir uppsöfnuð frávik á launaliðum rekstrareininga SSR. Markmið SSR er að í árslok verði skipting starfseininga með þeim hætti að færri en 20% starfseiningar verði með neikvæða afkomu launaliða og yfir 80% starfseininga með jákvæða afkomu í árslok 2010. Þetta er metnaðarfullt markmið en 70% voru með jákvæða afkomu fyrir árið 2009. Staðan í september er um 70%.
3. **Frávik á heildarafkomu rekstrareininga.** Birt er mánaðarlegt yfirlit yfir uppsöfnuð frávik á heildarkostnaði rekstrareininga SSR með sama hætti og með frávik launakostnaðar. Heildarfrávik frá áætlun í september eru jákvæð um 83.731 þús.kr. eða 3,7% en sú niðurstaða er ólotuð.

7.3 HEIMILISSJÓÐIR OG EINKAFJÁRMÁL

Forstöðumenn eru ábyrgir fyrir rekstri heimilissjóða og hafa prókúru sem fjármálastjóri veitir. Bókhald heimilissjóða er fært á skrifstofu. Ríkisendurskoðun tekur stikkprufur á 2-3 stöðum árlega.

Með einkafjármál íbúa (nema þeir séu með fjárhaldsmann eða sjái um sín fjármál sjálfir) er farið samkvæmt búsetusamningi og umboði með vísan til reglugerðar um búsetu fatlaðra nr. 269/2002. Eitt umboðsskjal er í gildi hverju sinni fyrir hvern stað hjá viðkomandi banka. Margir þjónustuþegar SSR eru það fatlaðir að þeir geta ekki sjálfir notað debetkort né farið með fjármuni á neinn hátt og því hefur þessi háttur verið hafður á. Fært er einfalt bókhald fyrir íbúa (ábyrgð forstöðumanna) og eftirlit með því er í höndum fulltrúa á skrifstofu SSR.